KJARVAL
ALDARMINNING



KJARVALSSTÖÐUM · 15. október – 15. desember 1985



Kjarval. – Ljósm. Kaldal.

Kjarval

ALDARMINNING

REYKJAVÍK
1985

Verndari sýningarinnar:
Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands.

Stjórn Kjarvalsstaða:
Einar Hákonarson, formaður
Hulda Valtýsdóttir, varaformaður
Guðrún Erla Geirsdóttir
Valgerður Bergsdóttir
Viðar Eggertsson.

Forstöðumaður Kjarvalsstaða:
Alfreð Guðmundsson.

Listráðunautur Kjarvalsstaða:
Þóra Kristjánsdóttir.

Sýningarnefnd:
Einar Hákonarson
Gunnar B. Kvaran
Ólafur Jónsson
Steinþór Sigurðsson
Þóra Kristjánsdóttir.

Hönnun sýningar:
Steinþór Sigurðsson.

Hönnun sýningarskrár:
Hafsteinn Guðmundsson.

Ljósmyndun:
Kristján Pétur Guðnason.

Yfirlestur handrits og prófarka:
Rýnir sf.

Prentsmiðjan Oddi hf.

Kjarval

ALDARMINNING

REYKJAVÍK
1985



Hin heilaga skýrn · um 1965 · blek · 18x12 sm · Hanna og Matthías Johannessen.



Hörpusláttur · 1958 · olía · 90x90 sm · Hanna og Matthías Johannessen.

Gríman gagnsæ blekking

Matthías Johannessen

I

FAÐIR MINN vann í Landsbanka Íslands og þegar ég var drengur heimsótti ég hann oft í bankann. Þar var Kjarval stundum. Þeir töluðu oft saman. Fyrir kom að Kjarval gekk skref aftur á bak, tók ofan hattinn og hneigði sig fyrir bankafulltrúanum. Guð launar fyrir hrafninn, sagði hann. Þá var hart í ári. Kreppan í algleymingi og ég held Kjarval hafi haft lítið handa á milli. Faðir minn var ekki ríkur maður, en ég hef fasta vinnu, sagði hann. Hann var opinber starfsmaður og á kreppuárunum þóttu það veruleg forréttindi að hafa atvinnu. Þá voru margir atvinnulausir.

Ég hugsaði stundum um þennan fjallstóra mann sem tók barðastóran hatt ofan fyrir föður mínum. Hann hlaut að vera mikill listamaður, svona tillitssamur og kurteis.

Mér var sagt að margir listamenn ættu bágt í kreppunni eins og ýmsir aðrir. Við áttum ekki bágt þótt peningar lægju að vísu ekki á lausu. Við höfðum ávallt nóg fyrir okkur að leggja og stundum gat faðir minn rétt einn og einn seðil að vinum sínum sem áttu undir högg að sækja. Við vorum í neðra lagi reykvískrar millistéttar og sá sem hafði atvinnu gat þakkað sínum sæla á þeim árum. Bjarni Benediktsson sagði mér að hann hefði einhverju sinni á kreppuárunum hitt aldraðan vin sinn á leið upp Skólavörðustíg. Bjarni var að fara í bæinn. Þeir tóku tal saman. Bjarni sá að maðurinn var flóttalegur og augljóst að hann hafði ekki áhuga á að tala við Bjarna lengi. Hann var í frakka og með uppbrettan kraga. Um leið og hann kvaddi gægðist köttur undan kraganum. Maðurinn fór allur

hjá sér en Bjarni kvaddi og gekk hugsi í bæinn. Þetta hafði mikil og varanleg áhrif á Bjarna. Hann þóttist þess fullviss hvað maðurinn ætlaðist fyrir með köttinn. Þannig gat hungrið sorfið að á þeim árum.

II

Við fluttumst á Hávallagötu rétt fyrir stríð. Þangað kom faðir minn eitt sinn sem oftar með Kjarval. Þeir settu upp á vesturvegg stofunnar stóra bláleita mynd af Esju, séð yfir Kollafjörð. Á og grjót og fjallið í baksýn. Faðir minn var ekki þess konar maður að hann vildi hagnast á vináttu við annað fólk en meistarinn gat ekki heldur safnað skuldum til lengdar og mér er nær að halda að Esjumyndin hafi lent þarna á veggnum af þeim sökum.

Kjarval lét móðan mása. Drengurinn horfði agndofa á meistarann sem hafði meiri áhuga á að tala en borða það sem móðir hans reiddi fram. Hún var gestrisin kona. En sérstaklega varð honum minnisstætt hvernig þessi maður stóð upp frá borðinu þakkaði fyrir sig og kvaddi. Það var mikill stíll yfir því. Þessi maður var ungum dreng mikil ráðgáta, allt eins og eftir fyrirfram gerðri áætlun, hver hreyfing, hvert orð. Eins og meistarinn stæði á sviði og kynni sitt hlutverk til hlítar. Drengurinn gleypti í sig hvert orð, hvert andartak. Þessi maður var eftirminnilegri en jafnvel tröllskessurnar í Hlyna kóngssyni þegar þær köstuðu fjöregginu á milli sín á leiksviðinu í Iðnó. Það hafði verið hámarkið, að mati drengsins.

III

Þegar *Borgin hló* kom út vorið 1958 fékk Kjarval þessa frumsmíð drengsins og las hana spjaldanna á milli. Á Þorláksmessu það sama ár bað hann Ragnar í Smára að fara með málverk heim til okkar Hönnu að Vesturgötu 52 og afhenda mér. Ragnar stóð við dyrnar og sagðist eiga að koma með þetta í tilefni af jólunum. Frá hverjum? spurði Hanna. Frá Kjarval, sagði Ragnar. Viltu ekki koma inn? spurði Hanna. Nei, sagði Ragnar, ég er á hraðferð, og þaut út í jólavertíðina. Kjarval biður að heilsa. Þessi mynd heitir *Hörpusláttur* og er máluð um fyrsta ljóðið í ljóðabókinni hans Matthíasar.



Forsíða Morgunblaðsins 17. júní 1959.



Reginssund · 1938 · olía · 161x115 sm · Listasafn Íslands.

Svo var Ragnar horfinn.

Þegar ég kom fram á gang sá ég stóra mynd í brúnum pappír og spurði hvað þetta væri. Málverk frá Kjarval, sagði Hanna. Ha? sagði ég. Já, handa þér. Ragnar kom með það. Ég virti pakkann fyrir mér. Svo tókum við brúna pappírinn utan af. Stór mynd í bláum og hvítum litum blasti við okkur. Á henni miðri harpa en sjór og fjöll í baksýn og fígúrur um allt. Þetta er málverk um Hörpuslátt, sagði Hanna. Ég sagði ekkert. Hvorugt okkar sagði neitt. Við störðum agndofa á gjöfina. Harpan og skáldið á miðri mynd.

IV

Þegar Kjarval gekk að borðinu okkar niðri á Hótel Borg tveimur árum síðar eða svo fór ég að hugsa um *Hörpuslátt* og söguna kringum þessa óborganlegu mynd. Foldgnár gekk hann að borðinu, hneigði sig eins og í gamla daga og lagði listaverkabók fyrir framan mig. Auk mín voru Tómas Guðmundsson, Ragnar í Smára og Hannes Pétursson við borðið. Það var í kringum þrítugsafmæli mitt í janúar 1960. Kjarval hafði fengið pata af því eins og öðru. Þá höfðum við átt margt saman að sælda. Hann hafði oft komið niður á Morgunblað, bæði meðan ég starfaði þar í Austurstræti og einnig síðar í Aðalstræti, annaðhvort með greinar eða ljóð. Eða einungis til að gera litla munnlega athugasemd við eitthvað sem í blaðinu stóð. Eða þá til að kynna einhvern nýgræðing, rétta okkur hann úr lófa sínum.


Með okkur Kjarval hafði tekizt náin og góð vinátta. Ég hafði skrifað um hann. Reynt að lýsa honum í samtalsgreinum, það var erfitt en þeim mun skemmtilegra. Stundum var Sigurður Benediktsson þátttakandi í þessum uppákomum. Kjarval treysti engum betur en honum. Hann var fastur aðdáandi.

Hannes Pétursson skrifaði tileinkun á bókina, svo skrifuðu hinir undir í tilefni dagsins. Þrítugsafmælinu var borgið. Og þarna á Hótel Borg fór ég að hugsa um vinnustund okkar Kjarvals árið áður þegar ég bað hann að myndskreyta forsíðu Morgunblaðsins í tilefni af 15 ára afmæli lýðveldisins 17. júní 1959. Hugsaði um hik hans í

fyrstu en ekki síður hvernig hann kom svo og sagði að það yrði að gleðja fólkið. Fólkið yrði að vera glatt á þessum afmælisdegi þjóðarinnar. Teiknaði svo forsíðuna á hvítan umbúðapappír frá Þórði Gunnlaugssyni í aftursæti leigubíls frá BSR fyrir utan Vesturgötu 52 en ég fylgdist með. Það var áhrifamikil vinnustund. Og eftirminnilegt að sjá hvað Kjarval lagði mikla áherslu á þröstinn. Vorboðinn flaug úr vitund meistarans og settist á hvítan pappírinn. Þjóðin yrði glöð. Nú yrði veizla hjá fólkinu.

Þannig var Kjarval. Hann þurfti alltaf að vera að gleðja, bæði mig og aðra. Og hann var allur í gleði sinni. Allur í gjöfum sínum. Allur í áminningum sínum og skírskotunum. Það fór ekki milli mála að þrösturinn var ætlaður Jónasi, og engum öðrum. Og fólkinu til að muna og gleyma ekki.

Kjarval gat að sjálfsögðu ekki afhent mér afmælisgjöfina án athugasemda. Þetta var myndabók með listaverkum eftir Manet, bæði litmyndum og svart-hvítum myndum. Þegar ég kom heim með bókina fór ég að blaða í henni. Þá kom í ljós að hvert pút og plagg var á sínum stað. Allt eftir forskrift meistarans eins og þegar hann kom heim á Hávallagötu með Esjumyndina forðum daga. Þeir faðir minn drukku oft kaffi saman á Hótel Borg. Faðir minn hafði gaman af að teikna kattarmyndir handa Kjarval. Taldi þetta frambærilegt grín eins og á stóð og meistarinn tók þátt í þessu gamni af lífi og sál. Af hverju skyldi hann hafa valið Manet? spurði ég sjálfan mig. Svarið kom þegar ég fór að fletta bókinni. 33. myndin heitir The Cats' Rendez-vous, frá 1868. Kattamynd, annar kötturinn hvítur en hinn svartur, tungl veður í skýjum. Það er dramatísk spenna í myndinni. Nýlýsið engin tilviljun. Rétt tenging við föður drengsins. Allt samkvæmt áætlun. Kjarval sagði aldrei orð án þess í því væri skírskotun sem menn skyldu huga að. Hann gerði aldrei neitt sem var merkingarlaust í sjálfu sér. Hvert orð, hver hreyfing úthugsuð. Stundum héldu menn það væri eintómt rutl á honum þegar hann var í essinu sínu en þá gat honum verið meira niðri fyrir en nokkru sinni. Skarpari í skírskotunum. Hitti aldrei betur í mark. Ávallt hann sjálfur í orðum sínum og æði og vei þeim sem héldu að uppákomur hans eða athugasemdir réðust af tilviljun einni eða hótfyndni. Eða einhvers konar merkingarlausum leikaraskap sem ætti eitthvað skylt við létta hversdagslega geggjun. Nei,



Kjarval teiknar á Þingvöllum.


allt úthugsað. Undir kattamyndinni stóð: Kæri vin – sonur vinar míns í Landsbankanum – kattarteiknimeistarans HJ. Hér gerðist fundurinn, merkileg framlenging JSK.

Bókin var sem sagt engin tilviljun frekar en annað og ekki heldur athugasemdirnar sem lýsa persónugerð Kjarvals betur en flest annað, mynd 33 tenging við vináttuna, mynd 27 Flautuleikarinn,

mynd af ungum dreng í júníformi og undir stendur: góður drengur. Og loks mynd 30 yfirstrikuð samkvæmt fyrirmælum Kjarvals og hann skrifar Efrey því til staðfestingar. Þessi mynd sýnir aftöku. Hún fjallar um grimmdina. En Kjarval getur ekki gefið drengnum afmælisgjöf með mynd af grimmdinni heldur góðum dreng og einhverju sem tengist vináttu og hlýju og mikilvægustu þáttum manneskjulegra samskipta. Þannig lýsir bókin góða um Manet eftirminnilegustu eðliskostum Jóhannesar Kjarvals með einstæðum hætti.

V

Jóhannes Kjarval kom einatt upp á Morgunblað. Stundum einungis þeirra erinda að lesa fyrir mig ljóð. Einnig kom fyrir að hann vildi birta eftir sig ljóð í Morgunblaðinu. Þegar hér var komið hafði hann fengið alla þá viðurkenningu sem myndlistarmanni á Íslandi getur hlotnazt og mér er nær að halda að hann hafi verið fullsaddur af því. Það var engin tilviljun þegar hann sagði við mig eftir að hafa skoðað sýningu Svavars Guðnasonar í Listamannaskálanum: Það er gott að vera sleginn út, það er hvíld í því(!) Hann var ekki að afsala sér neinu konungsríki með þessum orðum en vissi að hann hafði efni á þeim og hann vildi slá Svavari gullhamra. Hann var ekki útbær á lof þegar jafnaldrar áttu í hlut en hafði þeim mun meiri ánægju af að hrósa ungu fólki og þeim sem áttu undir högg að sækja. Þá sagði hann stundum meira en efni stóðu til, það vissi hann sjálfur. Hrósið var gælulaust en vinalegt. Hann gekk uppí persónulegri hlýju, gat þó verið kuldalegur. Hann vildi hafa frelsi til að hreyfa sig eins og honum var eiginlegt; stundum feiminn, stundum skelfdur og dró sig í hlé. Setti upp grímuna eins og Guðbergur Bergsson hefur lýst. Og sumir fengu aldrei að kynnast öðru en grímunni. Hann sendi manni kort með englamyndum sem stóðu ekki í neinu sambandi við heimslistina. En þær lýstu fallegum hugsunarhætti, eftirsóknarverðri veröld að hans mati – og það nægði honum. Og hann hafði efni á því sem listamaður að senda vinum sínum ófrumlegar glansmyndir ef svo bar undir. Hann þurfti ekki að setja sig í neinar listrænar stellingar af ótta við skynsemiskalda gagnrýni umhverfisins. Þegar hann sló ungu fólki gullhamra voru þeir sprottnir úr þörf fyrir góðvild í grimmum heimi. Ég fékk stundum slíkar athugasemdir. Einhverju sinni kom



hann niður á Morgunblað og afhenti mér ljóð eftir sig, Sólbráð, þar sem hann talaði um „poet del fact, Matthías meistari Jóhannessen Morgunblaðinu". Á blaðið hafði hann teiknað tvö yndisfögur andlit og við hlið þeirra skrifaði hann ljóðið.

Sólbráð

Við fannarskör
eru strengir
vorsins stiltir
starfandi andi ljóss
í geyslaflóði
leikur þar fjörugt lag
af lífsins óði.

Hlær og grætur fjall
er gyljum snjóloft þynnast
gróskuflaumar bruna
stympast grynnast
stynja klettaþyl ... þil
er ryðjast
risagangar.

Jóh. S. Kjarval

VI

Þó að Kjarval hefði mikinn áhuga á ljóðlist og gaumgæfði hvert kvæði og einstök orð gat hann verið dyntóttur í þeim efnum sem öðrum. Hann vildi sýna mér sérstakan áhuga vegna samstarfs okkar og vinnustunda og gerði það meðal annars með því að tala oft um orðið *moldarþögn* sem ég hafði notað í ljóði um Jón Gerreksson í *Borgin hló*. Moldarþögn, gat hann sagt upp úr eins manns hljóði, merkilegt(!) Ég held hann hafi oftar verið með hugann við dauðann en fram kom í lífsgleði hans og áhuga daginn út og inn. Hann gat að vísu lent í truflandi skilyrðum eins og útvarpstæki, fór jafnvel í þögular lægðir eins og títt er um listamenn. Dró sig þá í hlé. Birtist svo aftur eins og dagurinn í kvæði Björns Ásbrandssonar sem hefst í gulum viði og hverfur í blámann þar sem haf mætir himni.

Ég heyrði Kjarval einungis einu sinni gagnrýna ljóð. Það var niðri á Hótel Borg. Við hittumst í anddyrinu fyrir tilviljun. Ég var að fara út en hann á leiðinni inn. Þegar hann sér mig grípur hann í handlegginn á mér, það hvítmatar í augun í honum og hann segir hátt og skýrt:

Frá vitund minni
til vara þinna
er veglaust haf,

hugsaðu þér þennan viðbjóð(!) sagði hann fullur andúðar, vara þinna, oj (!) Og svo gretti hann sig og beraði tennurnar og engu líkara en maður sæi upp í hross. Tók síðan ofan og sagði: Verið þér sælir, herra minn.

Ég horfði á eftir honum furðu lostinn því að *Tíminn og vatnið* hafði fylgt mér frá menntaskólaárum og var yfir alla gagnrýni hafið. Nánast heilagt ljóð. Þetta fékk því mikið á mig. Það var engu líkara en þarna hefði orðið einhvers konar náttúruslys á Borginni.

Ég er þess fullviss að Kjarval gerði sér grein fyrir því hver viðbrögð mín yrðu. Ég hafði aldrei legið á aðdáun minni á Steini en Kjarval hafði ekki sagt orð þar að lútandi. Þetta var áminning. Maður skyldi gæta sín, fara varlega, gapa ekki upp í hvaða list sem væri. Auk þess hafði hann orðið ofnæmi fyrir líkamlegum ástum milli karls og konu, ég varð stundum var við það. Ástin var bundin minningunni um Tove. Hann hafði skilið við líkamann þegar leiðir þeirra skildi. Ástin var eterísk, minnti á huldufólkið. Ósýnileg nema í þessum fáu dráttum þar sem hún birtist í myndunum hans. Ekki sem holdlegur munaður, heldur andleg reynsla. Veröld blómálfa og huldufólks. Í málverkinu *Reginssund* siglir Tove burt á litlum báti í líki Maríu meyjar. Með sólglitrandi geislabaug um höfuð.

VII

Kjarval þurfti ekki á hrósi að halda fyrir myndlist en hann vildi vera viðurkennt ljóðskáld, vildi láta taka eftir ljóðum sínum. Var aldrei eins glaður og þegar hann fór með ljóð eftir sig og maður hlustaði eins og fastur aðdáandi. Þannig hafði það verið þegar við fórum til Þingvalla sællar minningar. Þá las hann eftir sig ljóð í bílnum. Ég hlustaði. Þetta var 14. ágúst 1962. Við höfðum ekkert veganesti nema *Ljóðagrjót* sem hann gaf mér og áritaði. Við lásum ljóðin og hann lék á als oddi þarna í aftursætinu. Lék við hvern sinn fingur eins og barn. Á Þingvöllum töluðum við saman án þess ég mætti hafa svo mikið sem blaðsnepil eða blýantsstubb. Ég mátti aldrei skrifa neitt hjá mér þegar við áttum okkar vinnustundir. En

hann mátti hafa blað og penna enda síteiknandi í samtölum okkar. Á Þingvöllum teiknaði hann mynd af Hrafnabjörgum með skáldinu sem hluta af landslaginu. Þar teiknaði hann einnig mynd af íbyggnum manni sem horfir niður fyrir sig og reynir að byrgja augu sín. Hann var ekki lengi að komast að því að ég var öðrum mönnum feimnari þó að afvegaleiðandi yfirborðið vitnaði um annað. Leikaraskapur blaðamannsins var Kjarval gagnsæ blekking. Hann upplifði annað fólk eins og landið, og enginn hefur upplifað það eins og hann. Notaði kraftana í náttúrunni. Og þegar við töluðum saman gat hann með einhverjum yfirskilvitlegum hætti tileinkað sér lífsorku mína og brillerað á tvöfaldri orku okkar beggja. Hann naut þess að vera í sporum Esjunnar. Ég átti að vinna verkið og var stundum svo örmagna eftir samtöl okkar að ég varð að fara heim og leggja mig. Verst varð ég fyrir barðinu á þessum hæfileika eða tillitsleysi Kjarvals þegar við hittumst eitt sinn sem oftar í vinnustofu hans að Sigtúni 6. Hann var nýfluttur þangað og var að sýna mér nýjar myndir. Hann fór á kostum og ég sá í hendi mér ég yrði að fara á bakvið hann til að geta skrifað þessa reynslu eins og mig langaði. Ég hafði að vísu aldrei notað segulband í samtölum enda hefði ekki orðið neitt segulbandssamtal við Kjarval og ég hafði sætt mig við að mega hvorki vera með penna né blað þegar við hittumst. Sjálfur er ég einnig þeirrar skoðunar að samtöl takist ekki nema spyrillinn upplifi spyrðilinn eins og málari landslagið sem hann notar í verk sín; að hann lýsi fyrirmyndinni eins og hann upplifir hana, og enginn annar. Engir tveir málarar sjá Esjuna eins, og Kjarval verkaði misjafnlega á fólk.

En nú geisaði hann og ég varð að ná nokkrum setningum orðréttum, svo mikilvægar sem þær voru. Hann gekk um herbergið og lýsti myndunum fyrir mér en þá kom ég auga á álpappír sem hann hafði safnað saman úr sígarettupökkum og raðað þannig á borðið að silfraða hliðin sneri niður. Þarna bar vel í veiði. Ég tók tvö eða þrjú blöð og stakk þeim í vasann, sagði Kjarval ég þyrfti að skreppa fram á salerni. Þar skrifaði ég nokkrar setningar á blöðin, stakk þeim á mig og kom svo inn aftur. Þannig fór ég þrisvar fram á klósett á næsta klukkutíma án þess Kjarval hefði neitt við það að athuga. En þegar ég kom inn eftir síðustu ferðina stóð hann á miðju gólfi, horfði tortrygginn og rannsakandi á mig og sagði:

Heyrðu góði, ertu eitthvað veikur? Nei, sagði ég, það er ekkert að mér. Ertu viss um það? spurði hann. Já, alveg viss, sagði ég. En mér hefur nú samt dottið í hug að þú þjáist af þvagteppu.

Hélt síðan áfram ferð sinni um algyðisheiminn eins og ekkert hefði í skorizt. En það hvarflaði að mér að hann væri að veita mér áminningu með þessum hætti, að hann vissi hvers kyns var, en hann lét ekki á því bera að öðru leyti og samtalið hélt áfram snurðulaust.

VIII

Þegar við Kjarval töluðum um altaristöfluna sem hann málaði í kirkjuna í Ríp í Hegranesi sagði hann mér hann hefði verið að sjúga næringu úr bankastjórum Landsbankans en þá hljóp þessi pöntun á snærið hjá honum. Hann var þá í algyðishorninu og saug kraft úr umhverfinu og málaði Unglinginn og Skýrarann en vatnið við skírnina kemur úr Öxarárfossi í ánni Jórdan. Og svo teiknaði hann myndina fyrir mig eins og hann mundi hana og skrifaði efst á blaðið: hin heilaga skýrn. Í hornið vinstra megin neðst skrifaði hann: JSK, en hægra megin setti hann fangamark sitt. Nú er þessi mynd að leysast upp á pappírnum og senn verður hún horfin í glatkistu tímans. En ljósprentun af henni geymist vonandi.

IX

Þegar Kjarvalskver var tilbúið til prentunar fékk meistarinn prófarkir af bókinni. Ragnar í Smára sagði mér hvenær ég ætti að hitta hann á Hótel Borg og sækja prófarkirnar. Kjarval hafði þá herbergi á Borginni og þegar ég kom þangað lá hann í rúminu en prófarkirnar voru dreifðar um allt gólfið. Við heilsuðumst. Ég fór að tína blöðin upp af gólfinu og raða þeim saman. Hann horfði á mig, hvorugur sagði neitt. Ég sagði við hann. Þú ert þá búinn að fara yfir þetta? Hann kinkaði kolli. Ég fer þá með það í prentun. Hann kinkaði enn kolli til samþykkis. Svo kvöddumst við. En þegar ég var að fara út reis hann upp við olnboga og sagði: Heyrðu góði, þú ert eitthvað að minnast á hana Tove ...

Ég lokaði á eftir mér. Vissi hann hafði lesið bókina og ég held honum hafi þótt vænt um hvernig ég skrifaði Tove inn í Vökunótt fuglsins.

Guðbergur Bergsson var næturvörður á Hótel Borg. Þeir Kjarval töluðu margt saman á löngum vökunóttum. Í grein um Kjarval í Helgarpóstinum, 27. október 1983, segir Guðbergur að Kjarval hafi verið „afar hlýtt til Matthíasar Johannessen, yfir höfuð var lund hans köld eða hlutlaus". Mér er nær að halda að það hafi ekki sízt verið vegna kaflans um Tove að hann bar til mín svo hlýjan hug.

X

Jóhannes S. Kjarval var alllengi í sjúkrahúsum meðan hann var að hverfa þessum heimi. Þegar hann var í Borgarspítalanum gægðist hann einhverju sinni fram á gang og sá þá nokkrar hvítklæddar hjúkrunarkonur skreyta fyrir jólin. Þetta var á aðventunni 1971. Hver andskotinn, sagði hann, ég er þá kominn til himnaríkis, og lokaði dyrunum í flýti. En Kjarval átti eftir hlaðsprettinn. Hann lézt ekki fyrr en um vorið næsta ár, 13. apríl 1972. Jarðarförin fór fram í Dómkirkjunni, meistarinn kvaddur með *Fögur er foldin* í þýðingu séra Matthíasar, *Yndislega ættarjörð* eftir Sigurð Jónsson frá Arnarvatni, *Hver á sér fegra föðurland* eftir Huldu og *Víst ertu, Jesú, kóngur klár* ... Kvaddur með skírskotandi ljóðum um ættjörðina, frið á jörðu og fyrirheit frelsara heimsins. Þjóðskáld litanna í fylgd með skáldprestunum séra Hallgrími og Matthíasi Jochumssyni. Það var við hæfi. Enginn sem ég hafði kynnzt vitnaði oftar til ljóða íslenzkra skálda en meistari Kjarval. Enginn hafði þau eins á hraðbergi og hann.

Þegar kista hans hvarf í jörðina í vesturhorni gamla kirkjugarðsins við Suðurgötu heyrði ég fyrir eyrum mér orð séra Bjarna þegar hann sagði við mig: Hugsaðu þér þær gáfur, vizku, þekkingu og reynslu sem ég hef kastað á rekunum.

Fólkið tíndist í burt. Senn kæmu grafarar að moka yfir. Og senn kæmu þrestir í heimsókn.

Málverk Kjarvals

Guðbjörg Kristjánsdóttir

JÓHANNES Sveinsson Kjarval er án efa einn stórbrotnasti listamaður þjóðarinnar á þessari öld. Þegar litið er yfir afköst hans á langri starfsævi sést að list hans er víðfeðm og fjölbreytt en viðfangsefnunum má þó skipta í þrjá meginþætti: landslagsmálverk, táknrænar myndir og teikningar. Á öllum þrem sviðum leggur hann merkan skerf til íslenskrar myndlistar: túlkun hans á landslagi er mikilfengleg og frumleg, táknmyndir hans leiftra af frjálsu hugarflugi og skáldskaparanda, auk þess sem hann er tvímælalaust í hópi bestu teiknara hérlendis fyrr og síðar. Hér á eftir er ætlunin að fjalla lítillega um málverk meistarans sem skiptast aðallega í landslagsmyndir og táknmyndir, eins og áður sagði.

I

Kjarval var einn fjögurra frumherja sem grundvöllinn lögðu að íslenskri nútímalist á fyrstu tugum aldarinnar. Hinir voru Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson og Jón Stefánsson. Fjórmenningarnir gerðu allir íslenskt landslag að yrkisefni sínu, og því má segja að hér spretti upp skóli í landslagsmálverki enda þótt þessir fjórir listamenn væru afar ólíkir um margt.

Þegar meta á stöðu Kjarvals í íslenskri myndlist er jafnan á það bent að hann hafi komið með áþreifanlega nálægð inn í landslagsmálverkið í stað fjarsýnarinnar sem áður tíðkaðist. Í verkum hans þróaðist smám saman nærmynd af landinu. Algeng fyrirbæri



Kjarval. – Ljósm. Kaldal.



Skógarhöllin - 1918 - olía - 102x110 sm - Listasafn Íslands.



svo sem hraun, mosaþembur, steinar, klettar, gil, brekkur og hlíðar þekja nær allan myndflötinn. Verkin eru jafnan stór í sniðum svo að nálægt yfirborð landsins verður áleitið um leið og í því birtist stórbrotin fegurð og óvæntur kraftur. Nýstárleg myndsýn Kjarvals byggðist á einkar næmri náttúruskoðun.

„Á Frakka mæru vengi" - 1928
olía - 85x135 sm
Ása Jóhannsdóttir.

Bók Matthíasar Johannessen um Kjarval gefur vísbendingu um á hvern hátt hann skynjaði landið:



Hrafnabjörg · 1930
olía · 108x147 sm
Sigríður Kjaran og Sigurjón Sigurðsson.

En heyrðu, hefurðu tekið eftir því, hvað steinar eru spakir í landslagi? Hefurðu prófað að klappa þeim? Hefurðu séð hvað þeim líður misjafnlega vel eftir því hverjir ganga framhjá? Nei, öllu þessu hef ég tekið eftir. Maður á að nota tækifærin sem gefast til að sjá eitthvað annað en hinir.[1]

Þessi orð sem lögð eru Kjarval í munn lýsa vel þeim djúprættu tilfinningum sem hann bar til landsins. Heita má að hann verði eitt

með steinum, blómum, mosa, hrauni og öðrum náttúrufyrirbærum. Það er ekki ytri ásýnd náttúrunnar heldur innri kraftur hennar sem brýst fram í málverkum hans, og af þeim sökum eru þau frábrugðin öðrum landslagsmyndum.

Náin sambúð Kjarvals við landið hófst efalítið á uppvaxtarárum hans í Geitavík í Borgarfirði eystra þegar hann sat yfir kvíaám, enda bar fráfærutímabilið oft á góma í samræðum hans.[2] Meira máli skiptu hins vegar vinnubrögð hans sem listamanns, þegar hann fór að mála úti í náttúrunni og lá vikum og mánuðum saman í tjaldi við frumstæðan aðbúnað. Upp frá því bera verk hans þess ótvírætt merki að þau eru sprottin úr nánum tengslum við fyrirmyndina og búa því yfir óvanalegum sannfæringarkrafti.

Í sjálfu sér eru þessi vinnubrögð Kjarvals ekkert einsdæmi. Hann fetaði í fótspor málara sem á síðari hluta 19. aldar fóru að mála undir berum himni, en á þeim tíma sneru margir listamenn baki við stóru listamiðstöðvunum í borgunum og leituðu á vit náttúrunnar. Eins og gefur að skilja hentuðu slíkar starfsaðferðir vel í löndum þar sem náttúran var stór þáttur í lífi manna, enda áttu þær vinsældum að fagna meðal norrænna málara. Þetta leiddi síðan til þess að listamenn uppgötvuðu viss landsvæði og tóku að sérhæfa sig í ákveðinni tegund landslags. Í raun fór Kjarval ekki ólíkt að þegar hann málaði tugi mynda af Þingvöllum og fann upp nærmyndina af landinu. Þetta varð líka til þess að hann lagði meira kapp á að móta eigin persónulega landslagslist fremur en að eltast við erlendar listastefnur og því urðu verk hans frumlegri en hinna brautryðjendanna sem háðari voru erlendum fyrirmyndum.

Kjarval aðhylltist aldrei ákveðna stefnu í myndlist heldur fékk hann að láni vissa þætti úr ýmsum stefnum sem hæfðu myndhugsun hans og gerðu honum kleift að móta frumlega landslagslist sína. Sé reynt að grafast fyrir um uppruna þeirra hugmynda sem mark setja á list hans má segja að innlifun hans í náttúruna sé í eðli sínu rómantísk, skammvinn birtuáhrif í myndum hans impressjónísk, formýkjur og tjáningarrík pensilskrift expressjónísk en flatarkenndin í myndunum skyld kúbisma og abstraktlist. Þau ólíku atriði sem hér hafa verið talin upp sýna vel að það er næsta

tilgangslítið að flokka landslagslist Kjarvals undir einhverja ákveðna stefnu í evrópskri myndlist. Slík yfirborðsleg flokkun getur beinlínis leitt til misskilnings og rangtúlkunar á verkum hans. Yfirleitt má segja að listsköpun hans einkennist af ofurnæmi, eðlisávísun og ljóðrænu innsæi fremur en af yfirvegun og rökhyggju. Mikið næmi Kjarvals hafði það í för með sér að margvíslegra áhrifa gætti ætíð í verkum hans frá umhverfinu og list samtíðarinnar. Sjálfur sagðist Kjarval alltaf hafa verið að gera tilraunir og leita í hverri mynd, og það er undravert hversu margar aðferðir hann reyndi á starfsferli sínum til að gæða yrkisefnið lífi.[3] Tilraunabragur sá sem stundum er á verkum hans á sinn þátt í því að þau eru misjöfn að gæðum, auk þess sem leit hans og tilraunir valda því að erfitt er að fá heildarsýn yfir verk hans. Hér er einungis unnt að rekja meginþróun í list Kjarvals því að alltof langt mál yrði að gera grein fyrir öllum hliðarsporum og útúrdúrum á ferli hans.

Það tók Kjarval langan tíma að móta hið frumlega landslagsmálverk sitt og hann var kominn fast að fimmtugu þegar hann uppgötvaði nærmyndina af landinu. Allt fram til um 1930 gerði hann margar sundurleitar tilraunir í list sinni og í verkum hans má greina áhrif úr ýmsum áttum. Það stílræna hverflyndi sem einkenndi list Kjarvals í upphafi ferils hans má efalítið rekja til þeirra miklu umbrota og viðhorfsbreytinga sem urðu í evrópskri myndlist um það leyti sem hann hóf nám. Symbólisminn og þjóðerniskennd rómantík sem sett höfðu svip á list aldamótanna á Norðurlöndum fóru halloka fyrir módernismanum. Sú krafa var gerð til listarinnar á Vesturlöndum að hún væri samstiga örri framþróun á öllum sviðum og nýjar hugmyndir um lit, form, rými og myndefni sáu dagsins ljós. Í listaskólum voru kennsluhættir þó enn í föstum skorðum og áhersla var lögð á undirstöðuatriði klassískrar listsköpunar. Á náms- og mótunarárum sínum varð Kjarval því að takast á við margt í senn: læra akademísk vinnubrögð og brjóta til mergjar þær mörgu stefnur sem við honum blöstu í list samtíðarinnar, enda sagði hann sjálfur að áhrifin hefðu streymt yfir sig sem foss marglitra geisla.[4]

Vegna ónógra rannsókna er enn sem komið er erfitt að benda nákvæmlega á listamenn og verk sem Kjarval tók til fyrirmyndar á



Engill vorsins - 1939
olía - 102x146 sm
Sólveig Sveinbjarnardóttir.

þessum árum. Hins vegar má með almennum hætti tilgreina þær myndlistarstefnur sem áhrif höfðu á list hans.

II

Á árunum sem Kjarval dvaldist í Reykjavík áður en hann hélt utan til náms málaði hann myndir af skútum á hafi, þar sem hann gerði tilraun til að lýsa birtuáhrifum, enda þótt hann skorti bersýnilega



kunnáttu til þess.[5] Þessar skútumyndir eru trúlega unnar undir áhrifum frá erlendum eftirprentunum því að þær sverja sig í ætt við evrópskar sjávarmyndir. Ekki er því að undra þótt Kjarval hafi veturinn sem hann var í London hrifist af verkum enska málarans Turners, sem túlkaði á meistaralegan hátt samspil ljóss og sjávar, líkt og hann sjálfur hafði glímt við af veikum mætti í byrjendaverkum sínum. Kynnin af verkum Turners settu þó ekki varanlegt mark á list hans.

Úr Gálgahrauni · 1955
olía · 103x135 sm
Erna Finnsdóttir og
Geir Hallgrímsson.

Á skólaárunum í Kaupmannahöfn gerði Kjarval nokkrar skógarmyndir sem eru sundurleitar að stíl. Séu þessar myndir skoðaðar í aldursröð sést vel hversu örum breytingum list hans tók á þessum árum. Elstar eru nosturslegar nákvæmnismyndir í akademískum stíl af beykiskógum Sjálands þar sem hann lýsir smáatriðum trjánna.[6] Nokkru síðar málar hann myndir af trjám þar sem hann notar tækni ný-impressjónistanna og leggur litinn á í smádeplum.[7] Frá svipuðum tíma er skógarmynd í sterkum, hreinum litum, sem trúlega er unnin undir áhrifum frá hinni nýju litanotkun frönsku fauvistanna en þeir hættu að líkja eftir litum náttúrunnar í landslagsmyndum sínum.[8] Í myndinni *Skógarhöllin*, sem Kjarval gerði um það bil sem hann var að ljúka námi, segir hann skilið við náttúrustælingu. Hugmyndin um dulúð og kynngimögnun skógarins er gefin í skyn með því að þurrka út öll smáatriði á voldugum trjástofnunum og skipa þeim þannig í myndflötinn að augað leitar eftir dumbrauðum skógarsverðinum inn í bláleita töfrabirtu skógarins. Í myndinni eru greinileg áhrif frá franska symbólismanum, Nabis-málurunum og lærifeður þeirra, Paul Gauguin. Þetta er tvímælalaust besta verk Kjarvals til þessa og sýnir glöggt hversu symbólískur tjáningarmáti lætur listamannseðli hans vel. Loks má svo nefna að í fáeinum myndum frá því um 1920 er bakgrunnurinn brotinn upp í smáfleti sem bendir til kynna Kjarvals af rýmisbyltingu kúbismans.[9]

Eftir að Kjarval lauk námi málaði hann landslagsmyndir hér heima. Frá fyrstu árunum eftir heimkomuna eru allmargar fjallamyndir af Austurlandi, þar sem hann þurrkar burt öll aukaatriði í landslaginu og beitir ýtrustu einföldun í formi og uppbyggingu. Teflt er saman nálægum forgrunni og fjarlægu fjalli og andstæðurnar ítrekaðar með sléttum flötum dökkra og ljósra lita. Nokkru síðar tekur að gæta áhrifa í list Kjarvals frá landslagsmálverkum starfsbræðra hans hér heima, Þórarins B. Þorlákssonar og Jóns Stefánssonar, án þess að Kjarval takist þá þegar að finna sér persónulegan stíl í landslagsmyndum sínum.

Með Frakklandsdvölinni árið 1928 varð enn breyting á list Kjarvals. Hann leitaði út í skógana fyrir utan París og á slóðir Barbizon-málaranna í Fontainebleau, litlum hallarbæ suðaustur af París. Þar málaði hann skógarmyndir undir greinilegum áhrifum frá frönsku

impressjónistunum. Meginviðfangsefni þessara mynda er fersk og tær birta skógarins og áferð olíunnar er létt eins og um vatnsliti væri að ræða. Í þessum myndum ráða litirnir myndbyggingunni og dýptin er sýnd með mismunandi styrkleika lita og ólíkum málaraaðferðum. Fjarlæg trén í miðhluta myndflatarins eru máluð með breiðum pensli og í mörgum litatónum og blæbrigðum en nálægur forgrunnurinn er unninn með impressjónískri tækni og liturinn lagður á í stuttum, snöggum pensilförum.

Eftir heimkomuna frá Frakklandi árið 1929 vann Kjarval frekar úr þeim áhrifum sem hann hafði orðið fyrir í Parísardvölinni. Hann málaði fáeinar abstraktmyndir þar sem myndfletinum er skipt niður í smáfleti, sem sumir hverjir eru skreyttir tíglum og ferhyrningum að hætti frönsku kúbistanna. Í abstraktmyndunum gerir Kjarval tilraunir með nýja formskipan kúbismans og abstraktlistarinnar rétt eins og hann sé að prófa á hvern hátt hann geti nýtt sér hana í eigin verkum, enda ber ein þessara mynda heitið *Ekspanótísk artifisjón af landslagi*.[10] Með því að sameina þessa tvo ólíku þætti, skammvinn birtuáhrif impressjónismans og flatarkennd abstraktmyndanna, fann Kjarval loks það myndmál sem hann þurfti á að halda til að móta hina frumlegu landslagslist sína. Þau verk sem sprottin voru af Parísardvölinni urðu honum því stökkpallur til stórbrotinna landslagsmynda sem hann gerði á Þingvöllum á fjórða áratugnum.

Upphaf þess tímabils var haustið 1929 þegar Kjarval málaði nokkrar myndir frá Þingvöllum þar sem hann beitti svipaðri flataráferð á landslagið og í abstraktmyndunum. Árið 1930 urðu síðan til tvær megingerðir af Þingvallamyndum. Önnur er nærmynd af gjá þar sem klettaveggur þekur mestallan hluta myndflatarins en ofan við hann sér í örlitla rönd fjalla og himins. Hin gerðin sýnir víðáttumikinn fjallahringinn á Þingvöllum og myndfletinum er skipt í þrjú stig sem opnast inn í myndrýmið, forgrunn, miðhluta og bakgrunn. Þingvallamyndirnar frá þessum árum eru yfirleitt mjög impressjónískar. Oft er sama myndefnið málað frá svipuðu sjónarhorni við ólík birtuskilyrði, og því minna vinnubrögð Kjarvals óneitanlega á aðferðir impressjónistanna, einkum Monets, sem vann myndraðir af sömu fyrirmyndinni á mismunandi tímum dags og í ólíku veðurfari. Birtan í Þingvallamyndum Kjarvals er ótrúlega



Bleikdalsá · 1967
olía · 100x152 sm
Kjarvalsstaðir.

fjölbreytt, og þær eru málaðar í ýmsum veðrabrigðum jafnt a
morgni, degi, kvöldi og nóttu. Þótt birtan sé meginviðfangsefn
Kjarvals í þessum myndum beitir hann samt ekki tækni im
pressjónistanna, en kýs heldur í þeim efnum að fara eigin leiðir, o
notar jafnan mikið af jarðlitum í myndir sínar. Jöfn og dreifð birt
sem myndast þegar himinn er skýjaður virðist hafa verið eftirlæ
Kjarvals ef marka má þann fjölda mynda sem hann málar við þa
skilyrði. Í myndinni af Hrafnabjörgum frá 1930 er myndrýmin
skipt í þrjá hluta, breiðan forgrunn, örlítinn miðhluta ofarlega t
vinstri og fjarlæg fjöllin í bakgrunninum. Himinn er skýjaður o



Flugferð · 1913–14
vatnslitir · 24x33 sm
Steinbjörg Kjaran.

birtan jöfn enda koma litir landsins skýrt fram. Í forgrunninum eru form landsins sýnd með smáum litaflötum sem máladir eru af mikilli kostgæfni í mörgum litatónum og með margvíslegri áferð og pensilbeitingu. Mest ber á rauðgulum og grænleitum litum auk dökkra og ljósra lita, sem eru lagðir á ýmist með mjúkum pensli eða snöggum, fínlegum pensilförum. Í miðhluta og bakgrunni er hins vegar beitt hefðbundnari málaratækni og fjarvíddin túlkuð með mismunandi blæbrigðum af bláum lit. Vatnskenndri birtu bregður á Hrafnabjörg í fjarska og friðsæll og heiður blær hvílir yfir myndinni.



Á Hulduströndum - um 1935 - olía - 45x60 sm - Jón Óttar Ragnarsson.



Skagaströnd – Hann er að norðan gróinn · olía · 114x210 sm · Anna Gunnlaug Eggertsdóttir og Jóhann Friðriksson.

Um miðjan fjórða áratuginn verður forgrunnur myndanna æ fyrirferðarmeiri uns nærmynd af landinu þekur mestallan myndflötinn svo að einungis sér í mjóa himinrönd efst í myndinni. Með því að þrengja þannig sjónarhornið verða form landslagsins sterkari en áður og jafnvægi næst milli hvikullar birtunnar og efniskenndar landsins. Þessar myndir eru unnar af meira öryggi og þrótti en áður og Kjarval beitir í æ ríkara mæli teiknigáfu sinni í málverkinu. Heita má að sérstök pensilbeiting og efnisáferð sé notuð í hverri mynd til að laða fram sérstakan hugblæ. Í þessum myndum nær Kjarval snilldartökum á öllum þáttum málverksins og honum tekst að láta myndbyggingu, lit, efnisáferð og pensilbeitingu vinna saman á meistaralegan hátt. Þegar nærmyndin af landinu sigrar í list Kjarvals færist áherslan frá hinu sérstaka til hins almenna og hann verður upp frá því ekki eins bundinn ákveðnum stöðum og áður, enda eru margar af hraunmyndum hans málaðar í nágrenni Reykjavíkur. Í myndinni *Engill vorsins* frá 1939 er lágt sjónarhorn þannig að hraunbreiðan fyllir allan myndflötinn og einungis grillir í mjóa himinrönd efst. Meginákersla er lögð á áferð og margslungið litróf hrauns og mosa. Birtan í myndinni er all-ójöfn og mishæðirnar í landinu mynda ríkulegt skuggaspil. Jarðlitir auk grænna og rauðleitra litatóna eru ráðandi í myndinni en kvik pensilteikning túlkar samspil ljóss og skugga og gæðir hraunbreiðuna ólgandi lífi.

Um og upp úr 1940 fór Kjarval að mála allvíða um landið á sumrin, meðal annars á Snæfellsnesi sunnanverðu, í Skaftafellssýslum, í Krísuvík, við Húnaflóa, í Öxnadal og á Héraði. Samfara nýjum viðfangsefnum tók að gæta allverulegra breytinga á efnismeðferð hans. Mikið vald hans á málaratækninni gerir honum kleift að tjá sig á frjálslegri og óþvingaðri hátt en áður og við það öðlast myndir hans nýjan expressjónískan kraft. Viðfangsefni hans eru nú stærri í sniðum en áður og sjónarhornið ekki eins þröngt. Iðulega eru myndirnar af klettum, stöpum og fjöllum, og með örlitlum ýkjum í formi og tjáningarríkri og lausbeislaðri pensilskrift leitast hann við að túlka þá orku sem býr í þessum náttúrufyrirbærum. Litaval Kjarvals í þessum myndum er jafnan staðbundið, mestmegnis jarðlitir sem lífgað er upp á með daufgrænum, ljósbláum, rauðleitum og gulum litum. Litir hans eru yfirleitt tengdir jörðinni og sýnilegum fyrirbærum í náttúrunni, og þeir öðlast aldrei sjálfstætt gildi í listsköpun hans líkt og gerðist í evrópska expressjónisman-

um, þrátt fyrir þann expressjóníska kraft sem skynja má í formum hans og pensilskrift. Í myndinni *Snæfellsjökull* frá því um 1943 er myndrýminu skipt í þrjá hluta, forgrunn, miðhluta og bakgrunn. Sjónarhornið er lágt en gott jafnvægi skapast milli myndhluta vegna þess að hátignarlegur jökullinn myndar mótvægi við hraunið. Hraunhólarnir tveir vinstra megin í myndinni tengja myndhlutana saman og skapa hrynjandi upp á við. Myndin er byggð upp á jafnri skiptingu dökkra og ljósra litaflata en gulleitir, rauðbrúnir og grænir litir í forgrunni eru bjartir og ferskir. Margbreytileg áferð og lifandi pensilskrift gæða þessa stórbrotnu landslagsmynd lífi.

Á sjötta áratugnum tók Kjarval í auknum mæli að sækja fyrirmyndir sínar í nágrenni Reykjavíkur, einkum í Gálgahraun á Álftanesi, auk þess sem hann málaði allmargar myndir frá Þingvöllum. Sú breyting verður nú á hraunmyndum hans að hann tekur að beina sjónum að einstökum klettum og steinum í stað þess að sýna hraunbreiðuna með jafnri áherslu. Til að draga betur fram formgerð klettanna eru þeir séðir frá víðara og hærra sjónarhorni en aðrir myndhlutar auk þess sem þeir eru oft formskarpari en bakgrunnurinn. Áhersla er einnig lögð á þá með því að mála hvern stein með margbreytilegri og nosturslegri áferð, líkt og í honum búi smáveröld út af fyrir sig. Litir í þessum myndum eru fjölbreyttari en áður, minna er um jarðliti, en grágrænir og rauðleitir litir algengir, auk margra blárra, grænna og hvítra í steinunum. Sem fyrr beitir Kjarval mismunandi pensilskrift og áferð frá einni mynd til annarrar, og sýnir hvernig breytileg birtan ýmist skerpir eða deyfir form landslagsins. Myndin *Úr Gálgahrauni* frá 1955 er af þremur klettum sem Kjarval gerði að yrkisefni í mörgum myndum. Við hátt sjónarhornið í myndinni verður hraunnibba í forgrunninum áberandi um leið og dýpt skapast í myndrýmið. Skörp form nibbunnar og klettanna þriggja skera sig úr bakgrunninum sem málaður er með mjúkri áferð. Myndin er máluð í skýjuðu veðri og birtan jöfn. Rauðgulir og blágráir litir svarðar og steina eru ríkjandi.

Árin 1956 og 1957 málaði Kjarval nokkrar myndir úr Esjunni þar sem aftur birtist hinn expressjóníski kraftur sem einkenndi landslagslist hans á fimmta áratugnum. Spennumikil og tröllsleg form



Fantasía · 1943
olía · 103x151 sm
Listasafn Íslands.

fjallshlíðanna, andstæðir litir og gróf, losaraleg pensilskrift túlka það heljarafl sem býr undir yfirborði náttúrunnar.

Á síðustu starfsárum Kjarvals á sjöunda áratugnum birtist enn ný hlið í landslagsmálverkum hans. Kraftmikill tjáningarmáti víkur fyrir innilegri og blíðri túlkun á hinu smágerva í landslaginu. Fíngerð og næm pensilteikning og flókið litasamspil einkenna þessar myndir. Svipaðan fínleik er að finna í abstraktmyndum sem Kjarval málaði á sama tíma. Í síðustu myndum Kjarvals sem hann málaði við Bleikdalsá á Kjalarnesi á haustdögum 1967 má sjá gott dæmi um þessa þróun. Sjónarhornið í myndinni er þröngt svo að hvergi sér í himin og einungis smábugða á ánni sést greinilega vinstra megin í myndinni. Við árbuginn í miðri mynd er lítil steinaþyrping. Formskarpir steinarnir skera sig úr bakgrunninum en mest kveður þó að stórum, hvítum steini. Í myndinni eru tveir



Fornar slóðir · 1943
olía · 104x142 sm
Eyrún Guðmundsdóttir.

meginlitir, blár litur vatnsins og grænn árbakkinn. Til að beina athyglinni að steinunum er smávegis gulur litur umhverfis þá, lagður með stuttum pensilförum. Til mótvægis við gula litinn í grænu grasinu er örlítið rautt handan við bláa ána og þannig næst fullkomið litajafnvægi. Úr hverjum drætti í myndinni skín blíða og alúð og yfir hvítum steininum við ána hvílir háleit tign og friðsæld.

III

Annar meginþáttur í list Kjarvals eru táknmyndir hans og fantasíur. Efnislega má skipta þessum myndum í tvennt. Annars vegar eru persónugervingar ýmissa náttúrufyrirbæra og hins vegar myndir sem túlka vítt svið órökvísra tilfinninga, drauma, innra lífs og andlegra menningarverðmæta sem lítið eiga skylt við hinn sýnilega veruleika. Mikill skáldandi og ljóðræn myndsýn sem birtist í þessum verkum skipa Kjarval á bekk með örfáum mynd-

skáldum í evrópskri málaralist á 20. öld. Yfirleitt eru táknrænar myndir og fantasíur fremur fátíðar í nútímamyndlist og í íslenskri málaralist eru táknmyndir Kjarvals einstæðar. Þema þeirra má í mörgum tilvikum rekja til symbólísku stefnunnar sem uppi var um síðustu aldamót, en Kjarval gæðir þessi gömlu minni lífi með hinu nýja og frjálsa myndmáli 20. aldarinnar.[11]

Tryggð Kjarvals við symbólísku stefnuna löngu eftir að hún var liðin undir lok á meginlandi Evrópu á líklega rætur í því menningarumhverfi sem hann var sprottinn upp úr. Þar voru bókmenntir uppistaða alls menningarlífs en myndlist nánast óþekkt. Hér má minnast þess að Kjarval var sjálfur skáld og því er ofur skiljanlegt hversu líkingamál var honum tamt. Í samræðum Kjarvals bar oft á góma að Ísland ætti enga fortíð í myndlist, en með því að beita tákn- og líkingamáli gat hann skírskotað til fornrar og nýrrar menningar þjóðarinnar og túlkað á ljóðrænan hátt þá drauma og sýnir sem sagnir, skáldskapur, trúarlíf og þjóðarsaga blésu honum í brjóst.[12]

Táknmálið í myndum Kjarvals er margbreytilegt, allt frá einföldum hugmyndatáknum, persónugervingum, myndlíkingum til flókinna allegoría og einkatáknmáls. Oft eru táknmyndir hans torskildar, einkum þegar um er að ræða einkatáknmál. Lykilinn að merkingu myndanna er ef til vill að finna í skáldskap Kjarvals, birtum og óbirtum, og í fjölmörgum frumdrögum og vinnuteikningum sem hann lét eftir sig, en þessi gögn eru enn að mestu órannsökuð.

Viðfangsefni táknmyndanna eru margs konar en vegna skorts á rannsóknum er engin leið að gera þeim viðunandi skil. Hér verður því látið nægja að nefna nokkur myndefni sem sum hver koma fram á fyrstu starfsárum Kjarvals og skjóta upp kollinum aftur og aftur í nýjum tilbrigðum síðar á ferli hans.

Langflestar og auðskildastar eru táknmyndir sem tengjast landslagsmyndum. Þær sýna persónugervingar ýmissa náttúrufyrirbæra, árstíða, gróðurs, veðurs, sjávar og norðurljósa svo að dæmi séu tekin. Mun torræðari eru ýmis tákn af menningarlegum toga sem sprottin eru úr goðsögnum, skáldskap, trúarlífi og þjóð-



Uppstreymi – raudur fugl · 1947–48 · olía · 100x76 sm · Hulda Björnæs.

sögum. Í þessum hópi eru tvö tákn skáldskapar, harpan og vængjaður skáldfákur, trúlega algengust. Ekkert tákn hefur þó jafnmargræða merkingu í list Kjarvals og skipið. Þetta ævaforna tákn skýtur upp kollinum í ýmsum myndum, sem draugaskip, hulduskip, víkingaskip, skip framliðinna eða sem tákn fyrir þrár og vonir manna. Í öðrum myndum birtast hugsýnir og kynjafullir hulduheimar sem tákna ýmist huglæga veröld listamannsins eða heim huldufólks og álfa úr íslenskri þjóðtrú. Enn eru ótaldar fjölmargar andlitsmyndir sem túlka innra líf, drauma, minningar eða tilfinningar.

IV

Symbólísk áhrif í list Kjarvals eru enn að mestu órannsökuð og því er ógerningur að vita til hvaða greina symbólísku stefnunnar megi rekja þau. Að öllum líkindum hefur Kjarval fyrst kynnst symbólismanum fyrir atbeina Einars Jónssonar myndhöggvara, sem var sambýlismaður hans um skeið veturinn sem hann dvaldist í London. Í myndinni *Vorið*, sem Kjarval gerði þann vetur, er árstíðin sýnd með kvengervingu sem umfaðmar tré.[13]

Á námsárum sínum í Kaupmannahöfn gerði Kjarval fleiri slíkar myndir, til dæmis verkið *Flugþrá*. Síðar endurtók hann þetta myndefni í hinni velþekktu, samnefndu mynd sem er í eigu Listasafns Íslands.[14] Um það bil sem Kjarval lauk námi málaði hann myndina *Íslenskir listamenn við skilningstréð*, en í því verki má greina áhrif frá franska symbólismanum líkt og í myndinni *Skógarhöllin*.[15] Í kringum 1920 urðu síðan til myndir af álfakirkjum og hulduheimum, sóttar í íslenska þjóðtrú.

Á fjórða áratugnum beindist listsköpun Kjarvals fyrst og fremst að landslagsmálverkinu. Þó vann hann allmargar táknmyndir á þessu tímabili sem eru aðallega með tvennu móti. Annars vegar eru myndir af dulheimum sem eru í framhaldi af álfamyndunum á þriðja áratugnum. Hátindur þessa myndflokks er verkið *Á Hulduströndum* frá því um miðjan áratuginn. Í forgrunni myndarinnar stendur mikilúðleg kona og styður sig við bátsstefni en á bak við hana skapa margbrotnir og voldugir klettar dularfullar víddir í myndina. Blágræn töfrabirta, sem rofin er á stöku stað af hvítu



Upprisan og lífið · 1949
olía · 112x204 sm
Guðrún Árnadóttir og
Alfreð Guðmundsson.

gagnsæi, eykur á dulúð verksins. Í þessari hásymbólísku mynd eru leyndardómar og dul tilverunnar gefin í skyn á almennan hátt.

Hins vegar eru frá þessum áratug andlitsmyndir og klassískir vangasvipir sem túlka innra líf og tilfinningar. Í þeim notfærir Kjarval sér frelsi módernismans og gefur hugmyndaflugi sínu lausan tauminn. Andlitin spretta jafnan út úr ímynduðu blóma- og steinalandslagi, líkt og ummyndun eigi sér stað. Þessar myndir byggja fyrst og fremst á línuteikningu og í þeim nýtur Kjarval ágætra teiknihæfileika sinna. Línuspil og skreytikenndur bakgrunnur þeirra minna oft eilítið á Art Nouveau-stefnuna og bendir það ásamt fleira til að ýmislegt í list Kjarvals megi rekja til aldamótaáranna.[16]

Undir lok fjórða áratugarins og í upphafi þess fimmta urðu táknmyndir og fantasíur æ ríkari þáttur í listsköpun Kjarvals. Verulegra breytinga tók jafnframt að gæta í efnismeðferð þeirra. Margvísleg



Fyrstu snjóar · 1953
olía · 126x95 sm
Kjarvalsstaðir.

stílbrögð í myndunum sýna glöggt hvílíkum snilldartökum hann hefur náð á túlkun hins huglæga í list sinni.

Hugsýnir spretta nú oftar en fyrr út úr formum í raunverulegu landslagi. Klettadrangur ummyndast í álfkonu og loftkenndar sýnir fæðast við birtuspil á yfirborði landsins, líkt og hvítt ljósið teikni þær ofan á landslagið.

Í verkinu *Fantasía* frá árinu 1940, í eigu Listasafns Íslands, leysir kraftmikill og tjáningarríkur stíll af hólmi skreytikennt línuspil sem einkenndi prófíla fjórða áratugarins. Eins og oft í list Kjarvals þegar minningar og hughrif eiga í hlut, er myndrýmið þéttskipað. Þrjú andlit, sem dregin eru í prófíl með breiðum, þróttmiklum línum, skera sig vel úr þéttriðnu línuspili í bakgrunninum, þar sem greina má óljósar mannverur. Kraftmikil teikning í olíulit, þykk áferð og ríkulegt samspil andstæðra lita skapa dýpt og margslungið líf í þessa áhrifamiklu mynd. Sjaldan hefur Kjarval túlkað hughrif sín og tilfinningar af jafnmiklum þrótti og í þessu snilldarverki.

Nokkrar stórmyndir sem á einhvern hátt tengjast þjóðlífi eru einkennandi fyrir þennan áratug, en yfir slíkum myndum hvíir jafnan þungur og hlaðinn blær. Myndin *Fornar slóðir* frá árinu 1943 er gott dæmi um hvernig lítilfjörlegur atburður gat kveikt auðugt ímyndarafl Kjarvals. Tilefni myndarinnar var það, að hann fann hnakkslitur við gamla troðninga í grennd við Kolviðarhól á Hellisheiði.[17] Við þetta fæddist í huga hans mynd af horfnum kynslóðum, vermönnum og öðrum, sem fyrrum áttu leið um þessar fornu slóðir. Þó að myndin höfði til þjóðarsögunnar er hún engu að síður nútímaleg. Línurnar í fólkinu minna á götutroðningana, en gulir og bláir litir á sólríkan og heiðbláan sumardag og þannig blandast landslag og þjóðarsaga saman í list Kjarvals.

Í öðrum myndum frá þessu tímabili fléttast saman draumur og veruleiki, en leikandi létt og næm teikning og bláleitir litir einkenna þessar ljóðrænu myndir. Í verkinu *Uppstreymi – rauður fugl* frá árunum 1947–48 flýtur huldukona í bátsskel inn á milli óraunverulegra fjallatinda. Allar línur í myndinni leita upp á við og konan svífur í lausu lofti ofan við bátinn leikandi á hörpustrengi sem myndast af línum sem líða upp úr bátsskelinni. Efst til vinstri flögrar rauður fugl sem með lífsþrótti sínum rýfur draumkennt andrúmsloft myndarinnar.

Þegar líða tók á listferil Kjarvals kom enn skýrar í ljós að teikningin er uppistaðan í verkum hans. Sjá má gott dæmi um þetta í verkinu *Upprisan og lífið* frá árinu 1949 þar sem mannamyndirnar eru allar byggðar á teikningum. Andlitunum fimm er raðað þétt saman í miðri myndinni en í bakgrunninum umhverfis þau grillir í óljós

dýrahöfuð. Með því að skipa andlitunum saman á margvíslegan hátt og tengja þau með bylgjandi línuspili túlkar Kjarval ólgu og hrynjandi lífsins, á meðan ljós litur og englar umhverfis andlitið efst í hægra horninu sýna að sá maður er kominn á æðra tilverustig. Í þessari stórbrotnu mynd birtist umhyggja Kjarvals fyrir öllu sem kvikt er og trú hans á almættið.

Þegar kom fram á sjötta áratuginn hljóp mikil gróska í táknmyndir Kjarvals. Nú má heita að myndir hans séu teikningar í olíulitum fremur en hefðbundin málverk. Flestar þessar myndir sýna persónugervingar náttúrufyrirbæra. Á vinnublöðum Kjarvals má sjá ótal teikningar sem sýna hvernig snöggar hreyfingar í náttúrunni vöktu hjá honum hugsýnir sem iðulega tóku á sig mannsmynd. Kvik teikning og spennumikil form túlka hraðann og orkuna sem býr í þessum skammvinnu fyrirbærum en hvítir og bláleitir litir sýna loftkennt eðli þeirra. Í myndinni *Fyrstu snjóar* frá árinu 1953 er órólegt og flögrandi andrúmsloft snjókomunnar endurskapað með léttum línum persónugervinganna og líflegri pensilskrift.

Aðrar persónugervingar í list Kjarvals á þessum árum hafa kviknað af hinum margvíslegustu hugsanatengslum. Dæmi um slíkt eru nokkrar *Skjaldmeyjarmyndir*, sem hann málaði um og upp úr sjötta áratugnum. Í nafni myndanna er fólginn eins konar orðaleikur því að þær skírskota í senn til fjallsins Skjaldbreiðs, sem myndar baksvið Skjaldmeyjanna, og samnefnds kvæðis eftir Jónas Hallgrímsson. Skjaldmeyjarnar bera skjöld og sverð en stellingar þeirra minna engu að síður eilítið á myndir af hinni liggjandi Venus í vestrænni myndlist. Í reynd er því Kjarval að fást við hið klassíska myndefni nektina, sem hann gæðir nýju lífi með teiknisnilli sinni.

Á síðustu starfsárum sínum vann Kjarval nokkrar fleiri myndir af kvenpersónugervingum í svipuðum stíl, og má taka til dæmis myndina *Svanasöngur* frá árunum 1956–66 sem hann ánafnaði Listasafni Íslands. Þótt undarlegt megi virðast eiga þessar nútímalegu myndir rætur að rekja til symbólísku stefnunnar um aldamótin en Kjarval hefur fært gömul minni í búning 20. aldarinnar.

Jóhannes Sveinsson Kjarval var einkar næmur og margslunginn persónuleiki. Í eðli hans voru tveir þættir sem öðru fremur mótuðu

list hans. Það var djúpur skilningur á íslenskri náttúru og skáldleg sýn á menningu Íslands að fornu og nýju. Til að geta túlkað íslenskt landslag gerði hann sér far um að lifa alla ævi í sem nánustum tengslum við náttúruna. Eftir því sem listþroski hans og vald á málaratækni óx, tókst honum æ betur að sýna margbreytileik Íslands í verkum sínum. Þótt ekki sé í fljótu bragði auðvelt að átta sig á þróunarferli Kjarvals var hann samt heilsteyptari en í fyrstu kann að virðast þrátt fyrir ýmis hliðarspor. Fyrir honum vakti alla tíð að sýna ekki aðeins ytri fegurð landsins heldur að túlka þann innri kraft og líf sem býr undir yfirborðinu. Þótt landslagsmálverk Kjarvals séu að sönnu mikilfengleg og frumleg náði snilli hans þó hæst í huglægum verkum. Þegar veruleikasýn hefti ekki hugarflug hans og skáldanda kom hvað skýrast í ljós hversu létt honum veittist að tjá margvísleg hughrif og tilfinningar. Á seinni árum hafði hann á hraðbergi ólíkar stílgerðir eftir því sem næmi hans og skáldlegt innsæi blés honum í brjóst hverju sinni. Lítilmótleg atvik urðu kveikja að stórbrotnum verkum og list Kjarvals er í senn ofur einföld en býr samt yfir mikilli dýpt. Þótt vissulega hafi Kjarval oft verið svo mislagðar hendur að furðu sætir, hygg ég að engum sem skoðar bestu verk hans blandist hugur um, að hann er ókrýndur konungur íslenskrar málaralistar á 20. öld.

Athugasemdir og tilvitnanir

1. Matthías Johannessen, *Kjarvalskver*, Reykjavík 1974, bls. 36.
2. *Ibid*, bls. 57.
3. Thor Vilhjálmsson, *Kjarval*, Reykjavík 1978, bls. 109.
4. *Ibid*, bls. 66.
5. Sjá bók Aðalsteins Ingólfssonar og Matthíasar Johannessen, *Kjarval. Málari lands og vætta*, Reykjavík 1981, mynd á bls. 50. Einnig bók Björns Th. Björnssonar, *Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld* I. bindi, Reykjavík 1964, mynd á bls. 109.
6. Sjá bók Halldórs Laxness, *Jóhannes Sveinsson Kjarval*, Reykjavík 1950, mynd á bls. 11.
7. Engar myndir hafa birst á prenti af þessum verkum.
8. Aðalsteinn Ingólfsson og M.J., *op. cit.*, mynd á bls. 58. Myndin er líklega frá árinu 1917.
9. Aðalsteinn Ingólfsson og M.J., *op. cit.*, mynd á bls. 59. Myndin er trúlega frá því um 1920.
10. Aðalsteinn Ingólfsson og M.J., *op. cit.*, mynd á bls. 62.
11. Ég þakka Ólafi Kvaran listfræðingi fyrir að benda mér á symbólísk áhrif í list Kjarvals.
12. Thor Vilhjálmsson, *op. cit.*, bls. 68.
13. Thor Vilhjálmsson, *Kjarval*, Reykjavík 1964, mynd á bls. 16.
14. Sjá sýningarskrá Listasafns Íslands, *Fjörir frumherjar*, Reykjavík 1985, mynd á bls. 3.
15. Aðalsteinn Ingólfsson og M.J., *op. cit.*, mynd á bls. 57.
16. Halldór B. Runólfsson, *Jóhann Briem*, Reykjavík 1983, bls. 14 og neðanmálsgrein.
17. Ég þakka Guðmundi Jónssyni hæstaréttardómara fyrir upplýsingar um myndina, en hann hafði frásögnina eftir föður sínum Jóni Þorsteinssyni íþróttakennara.


GRIOT
KJARVAL
GRIOT


GRIOT

Bækur Kjarvals

Árni Sigurjónsson

JÓHANNES S. Kjarval skrifaði eitt og annað um dagana. Hann fjallaði um listsýningar, bækur og skipulagsmál í blaðagreinum, og árið 1925 gaf hann út tvö tölublöð af *Árdegisblaði listamanna*. En auk þess gaf hann út nokkrar bækur og bæklinga, og hann var skáld þótt það væri bara aukageta hjá honum. Kjarval var prýðilega að sér í bókmenntum og hafði eitt og annað gott á hraðbergi ef svo bar undir. Bókarkápur sínar hannaði Kjarval sjálfur, og eru þær vel frambærileg myndverk, þrjár af kápunum eru dúkristur og hljóta að hafa nokkra sérstöðu í íslenskri bókagerðarlist.

Bækur Kjarvals komu út í fjórum lotum, árið 1930, 1937–38, 1956 og 1966, og að auki smárit með einu kvæði eða fáeinum, svo sem *Sjálfblekungskvæði* (1961) og *Skarphéðinskvæði* (1963). Fyrst kom *Grjót* árið 1930, en í henni eru fáeinar smágreinar ásamt langri ritgerð sem nefnist Austurvöllur. Tvær fyrstu greinarnar eru ársettar 1907 og 1908. Ritgerðin um Austurvöll fjallar um skipulagsmál, og stingur Kjarval meðal annars upp á að þar séu höfð súlnagöng, svæðið dýpkað og húsin í kring rifin nema kirkjan og þinghúsið (33–34). Skipulagshugmyndir Kjarvals tengdust bjartsýni hans um framfarir og nýja vakningu þjóðarinnar: „Hin tígulega gyðja skipulagslistar bíður við kofadyr sjálfstæðisins," segir hann í ritgerðinni (37).


Árið 1937 sendir Kjarval frá sér bækling sem nefnist *The Earth for Sam eftir W. Maxwell Reed*. Þessi texti er sextán síðna löng umsögn um ameríska bók sem listamaðurinn hreifst greinilega mjög af sakir hinnar hugljómuðu þróunartrúar Reeds. Textinn birtist áður í Vísi.





Sama ár gaf Kjarval út bók sem heitir *Meira grjót* á titilsíðu en *Brjef frá London. Meira grjót* á kápunni. Þessi texti byggist á bréfum sem Albjartur Siklingsbur skrifar frá London þar sem hann er að skoða heiminn. Viðtakandi bréfanna er Þuríður frænka hans, en Albjartur á einnig bróður („í móðurættina") í sveitinni sem kaus heldur að verða bóndi en skoða heiminn, og er sagt dálítið frá honum fremst í bókinni. Hér fjallar Kjarval bæði um það sem Albjartur sér í Lundúnum, um sveitabúskap og fleira.

Í sömu útgáfulotunni komu tvær bækur til viðbótar frá skáldinu. Þær eru báðar ársettar 1938, og er önnur leikritið *Einn þáttur*, hin er *Fornmannasaga. Enn grjót*. Í leikritinu er fyrst inngangur með torskildu samtali tveggja náttúruanda, svo birtist skáld sem yrkir með aðstoð skrifara. Í seinni þættinum (Einn annar þáttur) efast skáldið





um hæfni sína og lætur skrifarann brenna skáldskapinn, en í lokin kalla nokkrir drengir nöfn allra íslenskra dagblaða og hafa þá „búið til dálítinn söngflokk með að kalla upp blöðin" (14).

Fornmannasaga er skopstæling í fornsagnastíl um Lóm Heillmundsson og ævintýri hans með sækonungum. Helsta stílbragðið í sögunni eru hin fáránlegu mannanöfn og staðanöfn sem Kjarval leikur sér að:

> Heillmundur skarfur var Alfinnsson, Elliteinssonar geðspaka, dindilblossa Andþófs arfatinds úr Vindlandi – Veðurgeirs Álfssonar umtalaða á Nökkvastöðum þóttusprengir – Magnasonar og Gnípu á Skaga kvennabróðir (3).

Lómur Heillmundsson skarfs fær skip af föður sínum og heldur utan, tekur land á einum stað og finnur þar Snæólf sem verður fylgdarmaður hans og skömmu síðar skepnu sem heisigemlingur nefnist (sbr. heisa = hífa, en skepnan er mjög þung). Þeir Lómur finna nú Hvalrek konung í Ljóshæringjalandi og Málara konung í Fyrnafurðu. Málari lét búa út herskip því „hugsjónir miklar höfðu safnast fyrir í borg hans undanfarinn tíma, – og ljet hann nú búa þær allar til skips" (10–11). Þeir Lómur sækja Hvalrek heim til að herja á hann en ekki verður af átökum því hér er kristið land, segir Hvalrekur, „hjer ganga menn eigi til bardaga við önnur öfl en öfl náttúrunnar, sem í er næga mótstöðu að fá við öll dagleg störf" (14). Víkingar verða þá gestir og félagar Hvalreks kóngs og manna hans. Þeir fara saman í veiðiferð, en Ljóshæringjar gera dýrunum viðvart til að fæla þau burt fyrir mönnum svo enginn meiði sig. Málara finnst þetta skrýtin veiðiaðferð, en Hvalrekur svarar:

> Allvel hefur veiðifór sjá tekist, er vjer fórum í dag, og hefim vjer veitt með góðum árangri – hefim vjer veitt þat et stóra óþekta dýr í okkar eigin náttúru – þat er alt vill drepa og undir sig leggja um gervalla jörð, – þat er engu vill hlífa – og ekki kann að sjá gleði og gagn annara lifandi skepna utan sjálfs sín (16).

Og halda þeir þá veislu til að fagna þessu.

Einn dag er allt liðið sent niður í fjöru til að safna grjóti. „En þá var það, að Lómur Skarfsson lærði að finna grjót, og sjá það markvert, er áður þótti fánýtt" (17). Hvalrekur kóngur lofar steinana og segir að í þeim sé „mikið skvaldur og uppátekt, þar sem þeir eru uppaldir við listilegt tónsmíði strandarinnar" (18). Hélt Málari heim með lið sitt eftir þetta og allur hernaður löngu gleymdur. Eftir það heldur Lómur Heillmundsson einnig heim að Austrum, og þar verður bardagi með Lómi og mönnum hans gegn liði Himbrima víkings sem vildi berja lóminn, en bardaganum lýkur og sögunni án þess að foringjarnir falli.

Nú varð dálítið hlé á ritstörfum Kjarvals og hann sendi ekki frá sér bók á ný fyrr en 1956, en þá komu þær líka tvær. Önnur var *Hvalasagan frá átján hundruð níutíu og sjö* og hin *Ljóðagrjót*. *Hvalasagan* er framhald af sögu sem Kjarval var að semja þegar hann var

barn. Þar segir frá sjóferð Bakkabræðra sem veiða firnastóra lúðu, taka hana í tog og eru þá eltir af hvalavöðu sem króast inni í vík. Þar er kominn saman nægur matur handa þrem sýslum í þrjú ár. En fólkið kýs heldur að sleppa hvölunum en slátra þeim, og er þar komin skýring á því að hvalir verja báta fyrir illfiskum.

Í *Ljóðagrjóti* eru sautján ljóð og sum nokkuð löng. Í tveim kvæðanna eru skip, í tveim öðrum útlönd, eitt er afmæliskvæði, annað um Snæfellsjökul. Kjarval yrkir með nokkuð bundnum hætti í mörgum kvæðanna, hefur reglulegan línu- og atkvæðafjölda, en er yfirleitt ekki strangur á rím- og stuðlareglum. Á einum stað eru rétt kveðnar samhendur, en oftar er hátturinn laus í reipunum. Í einu kvæði gengur dæmið ekki upp hjá skáldinu, og þá er hann ekkert feiminn að bjarga sér fyrir horn:

listagyðja litlu stranda
lætur hendur úr ermum standa *framúr*

Afstaða Kjarvals til formsins minnir mig dálítið á fyrstu ljóðabækur Þórbergs Þórðarsonar. Þeir eru báðir „móderne" á sína vísu en einnig nátengdir hefðinni og yrkja ekki mjög ljóst.

Merking þessarar vísu úr *Ljóðagrjóti* er þó alveg ljós og lýsir skáldinu vel:

Tillit verð ég til að taka
Tízkunnar og við engu blaka
mína götu geng ég einn
þó samleið ég með öðrum eigi
ekki held jeg svíkja megi
Listina ef jeg er hreinn og beinn.

(Úr kvæðinu Slitur úr járnöldinni, bls. 42.)

Loks má nefna kvæðið Andrúmsloft sem er eins konar rabb um lífið og tilveruna. Við hlið sumra vísnanna eru aukalegar athugasemdir með smáu letri í sambandi við kvæðið, og sumar þeirra fjalla raunar um kvæðið eins og skáldið sé að tala við sjálft sig. Hægra megin við eina vísuna stendur til dæmis: „Þetta er nú bara ljótt og varla prenthæft" (61).

Nú var rithöfundarferli Jóhannesar Kjarval að mestu lokið, en árið 1966 komu eftirhreyturnar, tveir ljóðapésar. Annan skrifaði hann undir höfundarnafninu Giovanni Efrey (sbr. að hann fæddist á Efri-Ey) og heitir sá *Þrjú lítið ljóð*. Þar segir í einu kvæði:

Geði sært
störfistært
styrfianni.
Ærn um járn
þögn um þjárn,
þrifaranni.
Sofðu vært,
ert og ært,
yngisflanni.

Í þessu kveri er Kjarval ekki alveg búinn að gleyma hvölunum, því í þriðja kvæðinu hnerrar hvalur. Hinn bæklingurinn frá 1966 er *Eimskip fjörutíu ára* sem er aðeins eitt kvæði. Það birtist áður í *Ljóðagrjóti*, en hér er þó einni línu breytt. Ritlingarnir frá 1966 eru báðir endurskoðuð gerð fyrri verka (sbr. *Þrjú lítil ljóð*, 1962).

Hver eru nú megineinkenni í skáldskap Jóhannesar Kjarval? Fyrst og fremst ber að geta þess að stíll hans er frumlegur og öll afstaða skáldsins til tungunnar óvenjuleg. Styrkur hans liggur í þessari fjölbreytni í stílnum. Sumt jaðrar við dellu eða hálfgerð hljóðljóð, og stundum finnur Kjarval upp furðuleg orð til gamans, svo sem heysigelmirslegur, skelgránalegur, stílsmella og yshvinþytur. Auk þess notar Kjarval stundum slanguryrði ótæpilega, einkum dönskuslettur á borð við draujaður, rísikó, stóla á og forrettning, og stundum hefur hann einnig ensku, til dæmis köntrí og verrí vell.

Skáldskapur Kjarvals er eins og tónlist sem maður skilur bara óbeinlínis, eins og Ríkharður Jónsson komst að orði í ritdómi um *Grjót* (Vísir 22/2 1930). Kjarval fannst það gott sem Jóhann Sigurjónsson sagði einu sinni við hann að lífið væri músík. Og Kjarval bætir við: „Við erum tónar á orkestri" (*Kjarvalskver*, 35). Svo virðist sem þetta atriði hafi verið veigamikill þáttur í lífsskilningi Kjarvals. Rökhugsun hans og raunar allt sem hann skrifaði var afar huglægt og persónulegt. Sjón hans var sérkennilega fersk, skilningurinn

minnir á opinn barnshuga, og þetta kemur vel fram í skáldskap hans.

Heilsteyptust af skáldverkum hans eru *Meira grjót* og *Enn grjót*. Sagan af Albjarti Siklingsbur í fyrrtöldu bókinni hlýtur að hafa margar sjálfsævisögulegar vísanir. Kjarval dvaldist erlendis um skeið, þar af tæpt misseri í London, og honum hefur verið hugsað til þess hvaða augum menn heima í Meðallandinu og Borgarfirði eystra litu á flakk hans í útlöndum. Félagar Albjarts telja hann algeran ónytjung að hverfa burt úr sveitinni, og hann virðist taka undir það sjónarmið af því að hann undirritar mörg bréfanna til Þuríðar frænku sinnar „þinn ónýtur, Albjartur Siklingsbur". Þegar Albjartur fór utan sagði hann:

> Jeg fer til útlanda til þess að jeta dilkana ykkar með Englendingum. Jeg er vanur ostum, smjöri og skyri – og drafla og öllum þeim kræsingum úr sumarsauðnum. Jeg treysti mjer ekki til að jeta þetta gull, sem þið fáið fyrir að hætta við sumarbúskapinn. Verið þið sælir. Jeg hef heldur ekki vit á sveitabúskap (4–5).

Þuríður frænka hugsar með sér að ef til vill séu þeir bræðurnir Albjartur og Glóbjartur bóndi þrátt fyrir allt líkir, enda þótt Glóbjartur vilji vinna sitt gagn í sveitinni „með öðrum góðum lífsins og dagsins mönnum, fyrir nútíðina og landið, með hugtak alls rjetttrúnaðarmannskapsbragsins, að bóndi sje bústólpi og bú landstólpi" (8).

Eitt sérkennilegt atriði í þessari bók er hið endalausa tal Kjarvals um Ítalann Marconi, sem hann taldi hafa skilið sveiflur loftsins til hlítar. Marconi var mikil hetja vísindanna á þessum tíma, líkt og heimskautakönnuðir voru nokkru áður. Kjarval heillaðist af afrekum hans eins og margir fleiri. En seinna átti tal Kjarvals um sveiflur í loftinu og geisla eftir að ágerast ef marka má samtalsbók Matthíasar Johannessen og Kjarvals, *Kjarvalskver*, þar sem Jóhannesi verður tíðrætt um geislavirkni og segir að loftið sé „radíótíft". Í London heyrir Albjartur einhvern undarlegan þyt í loftinu, sem ef til vill eru hljóð stórborgarinnar, svo ólík kyrrðinni í íslenskri sveit. Þetta

hljóð kallar Kjarval yshvinþyt og leiðir að því getum á einum stað að þetta muni vera

> þúsund ára sveitasæla á ferðalagi, frá okkur, frá ykkur, hjer frá þjer, úr sveitinni, að bruna sjer – og það er útfall frá gamla Fróni – þegar krafturinn er að fjara út – út í heim (13–14).

Og það er enginn annar en Marconi sem er að „beisla þetta brunandi afl sveitasælunnar, sem brunast frá íslenska fróninu út í heim" (14).

Annað sem ber mjög á góma í *Meira grjót* er orðsifjafræði. Kjarval rekur uppruna orða eða réttara sagt hugtengsl sín við orðin. Dæmi um þetta er þegar hann segir að radíó sé komið af að rata og rísikó sé belja sem étur hrísgrjón í staðinn fyrir gras. Kjarval tengir orðið Lundúnir við dún og lund (sbr. að vera dúnmjúkur í lund eins og Lundúnabúar eru) en hafnar þeirri kenningu að orðið eigi rætur að rekja til dúnsins á lundanum sem sé algengur misskilningur. Þessir orðaleikir Kjarvals eru harla líkir því sem kallað var hugmyndalist fyrir um það bil fimm árum.

Þriðji efnisþátturinn sem hér má nefna úr sögu Albjarts er svo fráfæruspursmálið. Kjarval ólst upp við fráfærur, en þegar hann var að fara að heiman voru bændur óðum að hætta að færa frá hvarvetna á landinu. Kjarval fannst að þá hlyti skortur á verkefnum að steðja að sveitafólki á sumrin og sagði að það væri þá sama hver ynni sumarverkin ef þau væru engin á annað borð. Fráfærumálið birtist einnig þannig hjá Albjarti að hann skrifar sum bréfanna á Kvíabóli í London og eitt þeirra á Kvíaból Square. Ef til vill kannaðist hann einhvern veginn ekki við sig lengur í sveitinni úr því þessi siður var aflagður. Kjarval hefur áreiðanlega setið yfir fé á sumrin og kannski átt þá fyrstu kynni sín við huldufólk og aðrar undursamlegar verur sem síðar eru komnar á léreft góðu heilli.

Líkt á við um skipin. Þau skjóta upp kollinum hér og þar í ritum Kjarvals ekki síður en í myndum hans og hafa þar venjulega eitthvert fjarlægt, ástsælt og dásamlegt gildi alveg eins og huldufólkið. Á einum stað tengir hann þetta tvennt saman og talar um

„hulduskip" sem er áreiðanlega eitt af nýyrðum hans. Trúin á álfa, grjót og hulduskip er eins konar vættatrú hjá Kjarval.

Albjartssögu lýkur með „Ávarpi til frónskra bænda og sveitamanna" þar sem spurt er í upphafi hvers vegna fólk streymi til bæjanna úr sveitinni, og svarið er: „Af því einhversstaðar verður fólkið að vera ... Í sveitinni er ekkert að gera, síðan hætt var að færa frá" (42). Kjarval segir hér að draumur Íslendinga um sjálfsforræði og sveitasælu sé orðinn harla einkennilegur síðan hætt var að færa frá, og hann telur að sveitamenningin sé að fjara út eftir að fráfærum var hætt. „En það er skoðun mín, að mentalíf alt sje nú háð þessu fráfæruspursmáli – – hinum harðgerða fjárstofni íslenskrar sveitasælu –" (45). Kjarval taldi nauðsynlegt að hafa „disiplin" á kindunum og ekki láta þær finna frelsið á fjöllunum á sumrin, – það væri aldrei að vita nema þær tækju upp á því einhvern daginn að stofna félag á móti mönnunum.

Nú kann það að þykja sérkennilegt tiltæki að skrifa um landbúnaðarmál af slíku kappi frá London. En í því sambandi mætti kannski rifja upp þau orð Kjarvals í *Meira grjót*, að „það er með radíónina eins og annað núna, menn verða að ferðast langt í burtu til þess að hafa vit á öllu á staðnum, sem þeir fóru frá" (33).

Kjarval fór sjálfur að þessu heilræði. Hann sigldi utan og lærði hjá Málara kóngi að mikið skvaldur og uppátekt getur verið í grjótinu. Þetta þekkjum við úr myndum hans.

Kjarval var ekki stórskáld. Sumt sem hann skrifar er svo samþjöppuð vitleysa að einhverjum lesendum finnst það kannski þreytandi. En hinu er ekki að neita að annað er harla skemmtilegt hjá honum, til dæmis í *Meira grjót*. Þótt Kjarval hafi margt úr bókmenntahefð okkar í blóðinu, eins og sagt er, þá liggur styrkur hans sem skálds samt í því hve djarfur hann er að skrifa í fjarstæðukenndum stíl og því hve hugmyndaríkur hann er. Maður getur sagt um Kjarval það sem hann sagði sjálfur um Maxwell Reed, að hjá honum er „stíll og mál stundum svo alúðlegt og blítt, að helst minnir á íslenskan júnídag" (16).



Kjarval. – Ljósm. Kaldal.

Teikningar Kjarvals

Bera Nordal

Inngangur

TEIKNINGAR og skissur sýna í hnotskurn þróun myndhugsunar listamannsins, og jafnframt eru þær fremur spegill sálarástands en stór málverk sem unnin eru á löngum tíma. Í teikningunni er listamanninum kleift á einu andartaki að tjá andrúmsloft, svipbrigði og geðhrif. Engum dyljast meistaratök Kjarvals á málverkinu, en það er ekki síður í teikningum hans sem snillingur er að verki.[1] Eftir Kjarval liggur gífurlegur fjöldi teikninga og eru þær æði sundurleitar bæði að stíl og innihaldi. Ekki er ætlunin í stuttri grein að gera öllum teikningum hans skil, heldur verður leitast við að draga fram helstu einkenni þeirra og styðja þau dæmum. Ég hef einkum valið til þess andlitsmyndir hans og mannamyndir af táknrænum toga. Í þessum myndum koma stíleinkenni Kjarvals sem teiknara hvað skýrast í ljós.

I

Teikningar Kjarvals skipta þúsundum og kennir þar margra grasa. Meðal þeirra má ýmist finna fullunnin verk, skissur, hugdettur eða skemmtilegheit ýmiss konar. Kjarval var síteiknandi á hvað sem hendi var næst, svo sem umslög, bréf innan úr sígarettupökkum, umbúðapappír og servéttur, ef teiknipappír var ekki tiltækur.[2] Myndefnið er ekki síður fjölbreytt: andlitsmyndir, fantasíur, landslagsmyndir, uppstillingar, ýmsar mannverur og módelstúdíur, abstraktmyndir, skipamyndir, götumyndir, blómamyndir og myndir af fuglum og hestum. Loks má telja teikningar á bókakápur og myndskreytingar við eigin ljóð og annarra. Þegar á heildina er litið ber mest á þremur flokkum teikninga, andlitsmyndum af nafngreindum sem ónafngreindum mönnum, landslagsmyndum

og mannamyndum af táknrænum toga. Andlitsmyndirnar skipa sérstakan sess meðal teikninga Kjarvals, einkum á árunum milli 1920 og 1930. Þegar líða tekur á feril hans, verða táknrænar mannamyndir og landslagsskissur æ fyrirferðarmeiri. Því er ekki að neita að verkin eru mjög misjöfn að gæðum, enda var ekki alltaf sami listræni metnaður að baki þeirra. Engu að síður leynir handbragðið sér ekki.

Helstu stíleinkenni teikninga Kjarvals eru að drátturinn er mjög léttur, taktfastur og kvikur. Línan getur verið breið og loðin, grönn og fínleg, stutt og snögg eða löng og bjúg, en sjaldan bein. Hann lokar ekki myndfletinum, heldur er blaðið álíka mikilvægt og táknin sem hann ritar á það. Frjálst samspil bakgrunns, línu og litar skapar form og rými, án þess að þrívíddarteikningu í hefðbundnum stíl sé beitt. Teikningar hans eru því tæknilega í hópi þeirra nútímateikninga 20. aldar sem rekja má til frumkvöðla hennar í lok 19. aldar, þeirra Cézannes, Van Goghs og Seurats og síðar Matisses og Picassos.

Frumdrög að málverkum geta verið ákaflega mikilvægar heimildir um vinnubrögð málarans og jafnframt varpað ljósi á viðhorf hans til teikningarinnar og málverksins. Engar samanburðarrannsóknir hafa verið gerðar á skissum og málverkum Kjarvals og er því ekki hægt að slá neinu föstu um þetta efni. Kjarval gerði að því er virðist bæði beinar og óbeinar vinnuteikningar. Hann vann t. d. mörg drög og skissur að freskómyndunum í Landsbanka Íslands frá 1924,[3] og greina má mjög sterkt samband milli teikninga hans og landslags- og fantasíumálverksins hverju sinni.[4] Í brunn teikninga sinna sækir hann stöðugt hugmyndir og áhrif fyrir málverk sín, og iðulega má rekja undirstöðuatriði myndmáls þeirra, myndbyggingu, pensildrætti og tákn til teikninganna.

Kjarval teiknar aðallega með blýanti, túski, kolum, rauðkrít og vatnslit. Hann notar oft bæði þurra og blauta krít, eða túsk og vatnslit í sömu mynd, og nær þannig fram mismunandi efnisáhrifum og dýpt. Einnig teiknar hann svart-hvítar myndir í olíu og má þar nefna veggmyndina *Lífshlaupið* frá 1932–1933[5] og afar fallega fantasíumynd af kvenveru og engli, *Heitasta ósk mannsins*, frá 1930.[6] Kjarval teiknar með vatnslitnum sem penni væri, einkum í einföld-

armynd Kjarvals frá 1915 af konu sinni *Tove*.[11] Hann dregur vangamynd hennar með ákveðinni línu og formar andlitsdrættina með mismunandi skuggum, sem ganga yfir allan myndflötinn. Þannig lokar hann fletinum og myndin fær fjarrænt og dulúðugt yfirbragð. Hann opnar um leið nýja vídd í myndina, þar sem stúlkan horfir ekki fram heldur inn í myndflötinn. Myndin er mjög varfærnislega unnin og klassísk í allri útfærslu í anda akademískra mynda á þessum tíma.

Kjarval gerði nokkrar sjálfsmyndir, í olíu og önnur efni, flestar fram til 1925. Í einni *sjálfsmynda* sinna frá 1920 vinnur Kjarval mjög ólíkt því sem við sáum í myndinni af Tove þó að efnið sé það sama, rauðkrít.[12] Hér meitlar hann andlit sitt eins og skúlptúr og gefur því mjög hvasst og ákveðið svipmót. Skuggar móta helstu línur andlitsins, sem ljósir fletir blaðsins eru látnir vinna með. Kjarval horfir beint fram og í svip hans er ekki hið minnsta hik, heldur festa og öryggi. Sjálfsmynd þessi er frá sama ári og hann fer til Ítalíu.

Kjarval fór tvær örlagaríkar námsferðir um ævina, aðra til Ítalíu árið 1920, en hina til Parísar 1928, og komu þær miklu umróti á líf hans og alla listsköpun. Í þeirri fyrri er það einkum teikningin sem nýtur góðs af, en í hinni síðari landslagsmálverkið. Kjarval fer til Ítalíu um Þýskaland og dvelst vetrarlangt einkum í Flórens, Róm og Napólí. Á Ítalíu drekkur hann í sig klassíska myndlist og teiknar mikið.

Fram að Ítalíuferðinni notar Kjarval hvað mest rauðkrít, auk blýants, í teikningum sínum. Hún er í eðli sínu mjög þekjandi og loðin og nýtur sín best þegar hún hylur allan myndflötinn með mismunandi tónbrigðum. Um þetta leyti breytir Kjarval um og snýr sér meir að vatnslit og gaf það honum allt aðra möguleika, því að hann er afar léttur og gagnsær. En jafnframt er hann tæknilega erfiður viðfangs þar sem beita verður honum mjög hratt.

Teikningar Kjarvals frá Ítalíu sýna hve hann ræður orðið yfir mikilli tækni til að túlka myndefnið frjálslega og leggja einungis áherslu á helstu atriði, sem gefa frekar til kynna heldur en að um hreina eftirlíkingu sé að ræða eins og sjá má á mynd af *súluhöfði* frá Róm.[13]



Sigurður Nordal · 1922 · vatnslitir 40x30 sm · Jón Nordal.

um útlínuteikningum, en einnig til uppfyllingar eða áherslu. Sama gildir um túskið, hann teiknar oft með því með snöggum, stuttum pensildráttum.

II

Til að gera okkur grein fyrir þróun teikninga Kjarvals skulum við líta á nokkrar myndir frá mismunandi tímum. Ef bornar eru saman



Guðmundur Jónsson bóndi · 1926 · túsk · 33x26 sm · Listasafn Íslands.

teikningar hans frá því fyrir fyrstu utanferðina árið 1911 og teikningar frá um 1918 eftir að hann lýkur námi við akademíuna í Kaupmannahöfn sést hve sterkum tökum hann hefur náð á þessum miðli. Þetta kemur berlega í ljós í skipamyndum hans. Í *skipamynd* frá 1905 sést skipið á hafi úti og er hvert einasta atriði nákvæmlega dregið.[7] En í myndinni *Frá frihöfninni* frá 1918, nær skipið yfir allan myndflötinn[8] og nú er það samspil forms og



Þorsteinn Kjarval · 1926 · túsk · 45x58 sm · Listasafn Íslands.

myndflatar sem skiptir máli, heildaráhrifin. Löng skólavist Kjarvals og þrotlaus vinna hafa ráðið hér úrslitum. Kjarval teiknaði mjög mikið í akademíunni og lagði hart að sér við námið, eða eins og hann sagði sjálfur:

> ... ég var kominn utan til að læra og sjá, og ég ákvað að ganga í gegnum þann skóla til þess að finna það sem átti að vera þar.



Gömul kona með skotthúfu · 1929
túsk · 45x58 sm
Kjarvalsstaðir.

> Og oft vann ég sem hver annar erfiðismaður ellefu stundir á dag við að teikna og mála.[9]

Áður en Kjarval fór til Hafnar var hann veturinn 1911–1912 í London og komst þar í náin kynni við Einar Jónsson myndhöggvara. Blýantsteikningar hans frá þeim tíma eins og *Óveður* og *Vorið* sýna þokukenndar myndir í anda Turners, en einnig frekar grófa teikningu með línum er ganga yfir stóran hluta myndflatarins.[10] Hér koma fram mjög ákveðnar táknmyndir, persónugervingar ýmissa náttúruafla, sem fylgja Kjarval æ síðan.

Í akademíunni í Kaupmannahöfn teiknar Kjarval enn mjög hefðbundna þrívíddarteikningu. Sem dæmi um slíkt má nefna rauðkrít-



Sigurður Arngrímsson - um 1940
túsk - 80x68 sm
Kjarvalsstaðir.

Engu að síður beitir Kjarval enn mjög hefðbundinni myndbyggingu, þó að efnisnotkunin sé um margt nútímaleg.
Nútímateikningin verður til með póstimpressjónistunum á níunda tug síðustu aldar. Impressjónistarnir höfðu breytt öllum reglum vestrænnar myndlistar frá endurreisnartímanum. Þeir sýndu náttúruna í málverkum sínum sem einn samfelldan flöt sem breytti allri myndsýn hennar og afmáðu skugga svo að formin nær hurfu. En án eftirlíkingar og þrívíddarteikningar, sem myndlistin hafði byggst á áður, varð teikningin hornreka í myndlistinni og varð því að finna henni nýja undirstöðu. Þó að oft sé litið á eftirlíkingu og þrívíddarteikningu sem hvora háða annarri, eins og á endur-



Páll bóndi á Galtalæk í Landsveit - um 1947
litkrít - 79x64
Kjarvalsstaðir.

reisnartímanum, má vel skilja þarna á milli og er það oft gert í nútímateikningu og þá einkum með því að sleppa þrívíddinni. Eftirlíking náttúrunnar án þrívíddar kemur skýrast fram í hreinni línuteikningu, þar sem hún fær oft táknræna eða trúarlega merkingu.[14]

Á Ítalíu teiknar Kjarval margar andlitsmyndir með vatnslit í léttum litum. Margar þeirra eru mjög fínlegar og fágaðar. Tökum sem dæmi *vangamynd af konu*.[15] Útlínur andlits og hárs eru unnar í bláum lit, en svörtum er beitt til áherslu við augu og hársvörð. Bakgrunnur er málaður gulur næst andlitinu til að skapa mótvægi

við bláar útlínur. Myndin er næsta þögul um manngerð fyrirsætunnar, nema hún virðist fjarræn. Slíkar myndir eru mjög í anda Matisses og mynda hans frá um 1910 sem byggðar eru upp af einföldum útlínum og litum til áherslu.[16] *Sjálfsmynd* sem máluð er sama ár og áðurnefnd konumynd er í sterkum litum og andlitið er mótað hrjúfum dráttum.[17] Myndin er expressjónísk í litum, en önnur einkenni expressjónismans, svo sem afskræming forma til að tjá tilfinningar og geðbrigði, eru víðs fjarri. Til þess var Kjarval of mikill natúralisti, en expressjónistar höfnuðu allri eftirlíkingu.

Í þessari ferð teiknar Kjarval einnig götumyndir, einstakar byggingar og fornar minjar, lauf og trjágróður og ýmislegt annað sem á vegi hans verður. Ennfremur teiknar hann eftirmyndir af freskum Giottos og Michelangelos.

Eftir heimkomuna 1922 og fram til 1930 gerði Kjarval snilldarlegar mannamyndir sem tvímælalaust rísa hæst í íslenskri mannamyndagerð. Þær eru yfirvegaðar og öfgalausar og án efa hefur Ítalíuferð hans ráðið þar miklu um og aukið sjálfstraust hans og víðsýni. Hann heldur enn aftur af sér í málverkinu og það er ekki í raun fyrr en eftir Frakklandsferðina 1928 að hann öðlaðist fullt frelsi til persónulegrar myndsköpunar.

Kjarval hafði alla tíð mjög gaman af að teikna fólk, bæði þá sem hann þekkti vel og einnig aðra. Í mörgum þessara mynda kemur fram djúp mannlýsing. Árið sem hann kom alkominn til Íslands, 1922, teiknaði Kjarval mynd af *Sigurði Nordal*. Myndin er aðallega unnin með bláum vatnslit eins og svo margar mynda hans frá Ítalíu. Útlínur andlitsins og helstu drættir eru dregnir fáum en fremur breiðum línum. Hér gætir léttara yfirbragðs en í mannamyndum hans frá því fyrir 1920. Línan er orðin aðalatriðið og samspil línu og blaðs verður mikilvægt. Með mismunandi áherslum gæðir hann myndina þrívíddaráhrifum. Kjarval einfaldar formið, þjappar því saman og máir út öll aukaatriði. Myndin er formleg og hátíðleg, þar sem fyrirmyndin horfir beint fram, ákveðið en mildilega.

Í mynd af *móður sinni* frá 1924, er línan orðin mun tjáningarfyllri og fínlegri en áður, bæði í andliti og hári.[18] Hann mótar andlit hennar mörgum fínlegum og kvikum línum, en lætur blaðið skína alls

staðar í gegn. Konan horfir ekki beint fram, heldur lítur hún niður eins og hún vilji ekki láta sig of mikið uppi, en undir hvikulu yfirborðinu virðist vera mikil ólga. Hér er ekki sami hátíðleiki yfir myndinni og áður, en við verðum mjög vör við nálægð þessarar konu, mýkt hennar og hlýju. Þessi tjáningarfulla og kvika lína er fyrirboði um það sem síðar kom fram í málverkinu á fjórða og fimmta áratugnum.

Í andlitsmyndum Kjarvals sem hann teiknaði á bernskuslóðum sínum á Austfjörðum, flestar að því er virðist 1926, kemur fram ótrúleg fjölbreytni í útfærslu.[19] Flestar eru fyrirsæturnar roskið fólk sem ber merki þreytu en einnig lífsreynslu. Andlitin eru oft veðurbarin og skorpin og hrukkurnar djúpar eins og gjár landslagsins. Í vangamynd af *Guðmundi Jónssyni bónda* er hvert einasta hár og hrukka í andliti skráð, um leið og mismunandi skuggar ganga yfir allt andlitið. Myndin er afar fínleg og nosturslega unnin. Það er brosið sem laðar okkur að myndinni, glettnin í augunum og íbyggið augnaráðið. Guðmundur bóndi hlýtur að hafa verið skemmtilegasti karl. Í annarri mynd af *Þorsteini*, bróður Kjarvals, er yfirbragðið allt miklu léttara. Það gustar um hann eins og hann standi í roki. Þessi túskmynd er teiknuð með stuttum, snöggum og óreglulegum pensildráttum. Þetta er augnabliksmynd og því mjög í stíl impressjónismans. Í mynd af *ungri stúlku*, úr þessum hópi andlitsmynda, er hins vegar beitt allt annarri tækni.[20] Stúlkan skáskýtur augunum til áhorfandans. Útlínur andlitsins eru mótaðar með einföldum drætti, breiðri en ákveðinni línu. Þessi lína ber myndina uppi og gefur henni líf. Áhorfandanum dylst ekki að hér er önnur manngerð á ferð en í myndum af bændum og búaliði. Ung og fáguð stúlka sem á framtíðina fyrir sér. Kjarval reynir að greina hana frá myndum af þeim eldri með nútímalegum stíl. Meðal þessara mynda eru einnig afar fallegar barnamyndir, en börn eru með erfiðara myndefni. Kjarval teiknaði margar slíkar, fyrr og síðar. Einlægnin og sakleysið skín úr svip þessara barna.[21]

Í túskmynd af *gamalli konu með skotthúfu* frá þessum árum sést svartur vangasvipur hennar eins og skuggamynd sem ber við hvítt blaðið. Kjarval tekst að koma andlitsdráttum hennar skýrt til skila með mismunandi tónbrigðum túsksins og með því að láta blaðið sums staðar skína í gegn. Konan hefur mjög skarpan vanga-

svip, er grannleit og toginleit. Kjarval hefur heillast af þessu andliti og til þess að draga fram þetta skarpa form, dekkir hann allt andlitið og í einni svipan segir hann okkur sögu þessarar einmana konu.

Í túskmynd frá 1929, er nefnist *Ljós í glugga*, er fyrirmyndin frænka Kjarvals, Þórunn Jóhannesdóttir.[22] Kjarval sýnir frænku sína sem gamla konu með skýluklút og teiknar hana snöggum en ákveðnum línum. Frænkan virðist ekki sérlega blíð á manninn, með samanbitnar varir og pírð augu. Í heiti myndarinnar felst hins vegar ástúð, en Þórunn vakti yfir velferð Kjarvals meðan hún lifði og vitnar fjöldi bréfa hennar til hans um það.

Eftir að Kjarval steypti sér út í landslags- og fantasíumálverkið um 1930 verða andlitsmyndirnar honum ekki eins mikilvægur tjáningarmiðill og með tímanum verða þær hrárri í útfærslu, drátturinn snöggur og á mörgum þeirra er oft mikil fljótaskrift, næstum skoplegt yfirbragð. Þetta er mjög áberandi í túskmynd af *Sigurði Arngrímssyni* skáldi og ritstjóra, frá um 1940 og síðar í mynd af *Páli bónda á Galtalæk í Landsveit* frá um 1947. Þessar myndir lýsa frekar hugarástandi en að um hefðbundnar portrettmyndir sé að ræða. Í myndinni af Sigurði er hver dráttur mjög ákveðinn og hárin rísa á höfði hans. Höfuðið er reigt aftur og það er auðséð að hér hefur verið magnaður persónuleiki á ferð. Kjarval er háðskur í meðferð sinni og beitir hér stílbrögðum skopmynda. Í myndinni af Páli er gengið enn lengra og sýnir Kjarval þar á sér expressjóníska hlið, þar sem fyrirmyndin er afskræmd. Myndin er byggð upp af hringlaga formum með miðpunkt við munninn. Hárið stendur út í allar áttir og andlitið er þanið til hins ýtrasta með síbylgjandi, samliggjandi línum og er sem andlitið rísi úr ólgusjó. Þrátt fyrir miklar umbúðir sýnist manngerðin meinlaus, næstum sem tannlaust ljón. Það er langt til þessarar myndar frá myndinni af Guðmundi bónda. Samt er Kjarval í báðum tilfellum að lýsa manngerðinni, sem að baki býr og til þess að tjá ólíka persónuleika þarf hann að beita fjölbreytilegri tækni eins og dæmin hér á undan sýna.

III

Samhliða andlitsmyndunum teiknar Kjarval mannamyndir af táknrænum toga. Stór flokkur teikninga og málverka Kjarvals eru



Blómaandlit - um 1940
túsk og vatnslitir - 46x59 sm
Kjarvalsstaðir.

svokallaðar fantasíur, eða táknrænar myndir, þar sem slíkar mannamyndir eru í lykilhlutverkum. Þær virðast vera myndræn túlkun ljóða, þjóðsagna og huldusagna, enda eru heiti þeirra oft mjög huglæg eða tilvitnanir í kvæði og sögur. Nöfn myndanna eru því mjög mikilvæg heimild um tilurð þeirra. Í málverkum Kjarvals koma stöðugt fyrir sömu táknin sem einnig birtast í teikningum hans. Þau helstu eru: 1) ýmsar mannverur sem persónugervingar 2) stök andlit og prófílar 3) skipið sem tákn frelsisins 4) harpan – skáldskapurinn 5) hestar með vængi 6) englar, verur með geislabaug.

Það er einkennandi fyrir myndir Kjarvals að þó að fleiri en ein vera séu á myndfletinum, er aldrei um raunverulega atburðarás að ræða. Engin bein tengsl virðast milli persónanna, þær sýna engin geðbrigði, litla hreyfingu og aðeins pensildrættir og litir skapa hreyfingu í málverkinu, en línan í teikningunni. Í teikningunni

kemur táknmálið iðulega fyrir einangrað og er því í raun merkingarlaust. Það verður að flatarskrauti og hreinu skreyti og er því ekki eins flókið að lesa úr því og í málverkinu. Tvær tegundir flatarkenndra teikninga koma stöðugt fyrir, andlitsmyndir og verur í fullri stærð. Þessar stílfærðu teikningar ganga síðan beint inn í málverkið en þá í ýmsum hlutverkum. Einkenni þessara andlitsmynda eru prófílar með hátt enni, munaðarfullan munn og hrokkið hár. Sem dæmi um þetta má taka *blómaandlit* (mynd 7) þar sem hárið er orðið að blómum. Verurnar sem koma stöðugt fyrir eru teygðar, hálfmennskar verur eins og hafgúur, sem hafa þvengi í stað útlima. Þær eru mjóslegnar og einkennast af hártoppi sem stendur beint upp í loft.[23]

Í myndinni *Abba labba lá* frá 1945[24] er skírskotun til hins kunna ljóðs Davíðs Stefánssonar.[25] Í þessari mynd sést dæmigerður prófíll en einnig önnur stíleinkenni: bylgjandi línur sem koma þegar fram í myndum hans fyrir 1920[26] og blóm sem flatarskraut. Fígúrur Kjarvals vaxa gjarnan út úr landslaginu, úr klettum og hrauni, eru samgrónar því eða svífa lausar fyrir framan, oft eins og í annarri vídd. Hér er höfuð hennar samrunnið fjalli eða öfugt.

Lítum að lokum á vatnslitamyndina *Móðurást*, en í henni kemur fram mjög háttbundin og ljóðræn teikning.[27] Línan er kröftug, litir eru bjartir og ferskir og bakgrunnur vinnur vel með teikningunni. Hendur móðurinnar, tákn umhyggju, eru stækkaðar þar sem þær halda barninu í greipum sér, en andlit móðurinnar sést í baksýn.

Lokaorð

Teikningar Kjarvals eru mjög mikilvægar, þar sem þær geta aukið skilning okkar á málverkinu, því að teikningarnar eru brunnur sem Kjarval eys sífellt af. Þar eru hugmyndir prófaðar, tákn tekin fyrir og þróuð, minni geymd, og oft má nokkru síðar sjá skírskotanir í málverkinu. Sem dæmi má taka að í landslagsskissum hans gefa snöggir pensildrættir til kynna þá frumdrætti sem hann vill ná í málverkinu og iðulega er mjög auðvelt að rekja þannig hvað hann er að gera á hverjum tíma. En þó ber að líta á þessar teikningar sem fullgild listaverk jafnhliða málverkinu, eins og myndirnar sem við höfum litið á sýna og sanna.

Kjarval var mjög hirðulaus um að tímasetja teikningar og því verður að reyna að tímasetja þær með innbyrðis samanburði við ársett málverk. Þar á móti var Kjarval mjög hirðusamur um að geyma skissur sínar og hvaðeina sem honum barst eða komst í hans eigu. Varðveittar eru þúsundir af skissum, bréf til hans svo hundruðum skiptir, hugleiðingar hans um allt milli himins og jarðar og afrit bréfa frá honum. Í þessum efniviði felst lykillinn að allri listsköpun hans og hugmyndaheimi, einkum í sambandi við tímasetningu verkanna og þróun táknmáls þeirra. Hér fæðast hugmyndir, þróast, geymast og endurfæðast. Án rannsóknar verður aldrei nema hálfsögð sagan um list Kjarvals og þann hugarheim sem hún er sprottin úr.

Þegar upp er staðið er teikningin undirstaða málverka Kjarvals, sá grunnur sem allt byggist á. Ef hann hefði ekki slík tök á teikningunni, er ólíklegt að málverkið hefði öðlast það frelsi og þann kraft í útfærslu, sem raun varð á. En einnig teikningin nýtur hins afar næma auga Kjarvals fyrir lit og formi. Allt er meitlað mjög persónulegu handbragði snillingsins og engum dylst að hér er um verk eftir Kjarval að ræða. Þar er alltaf sami grunntónninn, sami strengurinn sem gengur í gegnum öll verk hans; lotning fyrir náttúrunni og dularöflum hennar og þeim kynngikrafti sem skóp hana og umbreytir henni stöðugt.

Athugasemdir og tilvitnanir

1 Ég mun ekki fjalla um þróun landslags- og fantasíumálverksins en vísa til greinar Guðbjargar Kristjánsdóttur um það efni í þessari skrá.

2 Meðal skissumynda Kjarvals eru mörg verk unnin á smjörpappír. Á hann eru yfirleitt teiknaðar mannverur sem benda til þess að Kjarval hafi notað þær til að prófa á málverkinu og sjá hvernig mismunandi útfærslur koma út.

3 Varðveittar eru t. d. ýmsar teikningar af síldarstúlkum, sjá t. d. myndir í bókinni *Myndir* eftir Jóhannes Sveinson Kjarval, með inngangi eftir Halldór Kiljan Laxness, Reykjavík 1938, mynd nr. 21, og í *Kjarval. Málari lands og vatns*, með inngangsgreinum eftir Aðalstein Ingólfsson og Matthías Johannessen, Reykjavík 1981, mynd bls. 31, og olíumynd í *Íslenzkri myndlist á 19. og 20. öld I* eftir Björn Th. Björnsson, Reykjavík 1964, mynd bls. 117.

4 Sjá frumteikningu að málverkinu *Fjallamjólk* í *Kjarval 1981*, mynd bls. 39.

5 Kjarval málaði *Lífshlaupið* á veggi vinnustofu sinnar í Austurstræti og er það í fjórum hlutum, er nefnast *í lífsins ölgusjó*, *sveitalíf*, *borgarlíf* og *atvinnulíf*. Það er nú í eigu Þorvalds Guðmundssonar. Hluti af myndinni er sýndur í *Kjarval 1981*, bls. 44–45.

6 Sjá mynd í *Íslenzkri myndlist II*, 1973, bls. 239.

7 *Jóhannes Sveinsson Kjarval*, með inngangi eftir Halldór Kiljan Laxness, Reykjavík 1950, mynd bls. 46.

8 Mynd í *Íslenzkri myndlist I*, bls. 113.

9 Sjá op. cit. bls. 59, í *Kjarval* eftir Thor Vilhjálmsson, Reykjavík 1964.

10 Myndir í *Kjarval 1964*, bls. 13 og 16.

11 Mynd í *Kjarval 1950*, bls. 13.

12 Mynd í *Kjarval 1938*, nr. 9 eða *Kjarval 1981*, bls. 5.
13 Mynd í *Kjarval 1950*, bls. 52, og *Íslenzkri myndlist I*, bls. 116.
14 Sjá John Elderfield, *The Modern Drawing*, London 1983, bls. 14.
15 Sjá litmynd í *Kjarval 1981*, bls. 71.
16 Sjá myndir í John Elderfield, *The Drawings of Henri Matisse*, London 1984.
17 Mynd þessi var á sýningu í Brautarholti 6 í október 1975.
18 Sjá mynd á bls. 39 í Kjarval 1950.
19 Flestar þessara mynda eru í eigu Listasafns Íslands og voru keyptar af Menntamálaráði 1927–28.
20 Mynd í bókinni *Listasafn Íslands 1884–1984*, Reykjavík 1985, mynd nr. 34.
21 Mynd í bókinni *Listasafn Íslands 1884–1984*, nr. 27.
22 Sjá mynd bls. 47 í *Kjarval 1950*.
23 Sjá myndina *Svanasöngur* í eigu Listasafns Íslands frá 1956–1966 í *Kjarval í Listasafni Íslands*, Reykjavík 1985, litmynd nr. 120.
24 Mynd bls. 15 í *Jóhannes S. Kjarval*, yfirlitssýning á vegum Menntamálaráðs Íslands, Listasafn ríkisins 1955.
25 Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, *Kvæðasafn 1*, Akureyri 1943, bls. 58.
26 Bylgjandi línunotkun má sjá t. d. í *Kjarval 1938*, myndina *Tvö andlit* nr. 11. Í þeirri mynd bylgjast sitt hárið um allan flötinn í samliggjandi línum. Í myndum frá um 1930 er þetta orðið mjög stílfært svo sem í myndinni *Piltur og stúlka*, nr. 13 í *Kjarval 1938* og síðan sést slík línunotkun mjög oft notuð í málverkum hans í huglægum tilgangi.
27 Litmynd í *Kjarval 1981*, bls. 86a.

Jóhannes S. Kjarval
nokkur æviatriði · helstu sýningar

1885	Fæddist 15. október að Efri-Ey í Meðallandi.
1890	Tekinn í fóstur til ættingja að Geitavík í Borgarfirði eystra.
1901	Fluttist til Reykjavíkur; hóf skólagöngu í fyrsta sinn; komst í kynni við myndlist Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgríms Jónssonar og naut tilsagnar þeirra í málaralist; sótti tíma til Stefáns Eiríkssonar myndskera. Er næstu árin á skútum.
1908	Fyrsta einkasýning í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík.
1910	Myndskreytti Engilbörnin eftir Sigurbjörn Sveinsson.
1911	Einkasýning á Seyðisfirði.
1911–12	Fékk styrk frá Ungmennafélagi Reykjavíkur og úr Landssjóði og fór til Lundúna. Sótti lista- og minjasöfn. Sótti um inngöngu í Konunglegu listaakademíuna en var hafnað; kynntist Einari Jónssyni. Tók upp nafnið Kjarval.
1912	Fluttist til Kaupmannahafnar. Einkasýning í Holger Ferlovs Kunstsalon á Strikinu.
1912	Málaði leiktjöld við Fjalla-Eyvind eftir Jóhann Sigurjónsson, sem Dramaten í Stokkhólmi sviðsetti.
1912–14	Teiknínám í Teknisk Selskabs Skole í Kaupmannahöfn.
1914	Dvaldi á Íslandi, lengst af á Seyðisfirði. Einkasýning í Vinaminni í Reykjavík um haustið.
1914–18	Nám við Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn.
1915	Kvænist Tove Merild.
1918	Einkasýning í Den Frie í Kaupmannahöfn. Teiknaði minningardisk um fullveldi Íslands.
1919	Tvær einkasýningar í húsi KFUM í Reykjavík. Verk á fyrstu samsýningu á Íslandi á vegum Listvinafélagsins.
1919–20	Ferðaðist um Danmörku, Noreg og Svíþjóð.
1920	Dvaldi á Ítalíu, einkum í Róm, Flórens og Napólí.
1921	Einkasýning á vegum Listvinafélagsins.
1921–22	Bjó ásamt fjölskyldu í Kaupmannahöfn.
1922	Fluttist til Íslands. Vinir hans stofnuðu félagið Pictor til að styðja hann fjárhagslega. Einkasýning á Seyðisfirði.
1923	Myndskreytti Æfintýri eftir Sigurjón Jónsson.
1924	Lauk við freskómyndir í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Verk á iðnsýningu í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Einkasýning á verkum úr Ítalíuför í húsi Egils Jacobsen við Austurstræti.
1925	Stofnaði Árdegisblað listamanna *Essensism* en aðeins tvö tölublöð komu út. Skildi við konu sína Tove.
1926–27	Teiknaði myndir af sjómönnum og bændum á Austurlandi.
1927	Einkasýning í Bankastræti 8 og síðar í Hafnarfirði. Einkasýning í

Listvinahúsinu. Verk á opinberri íslenskri listsýningu á Charlottenborg í Kaupmannahöfn.

1928 Dvaldi í París, málaði skógarmyndir í Fontainebleau.

1929 Sýndi Frakklandsmyndir sínar í húsi Haralds Árnasonar við Austurstræti. Fékk vinnustofu í Austurstræti 12, sem hann hélt til æviloka og myndskreytti.

1930 Verk á sýningu í Reykjavík í tilefni Alþingishátíðar og annarri sem haldin var til að mótmæla hinni fyrri.

1931 Einkasýning á Charlottenborg, Kaupmannahöfn.

1932 Verk á sýningu á íslenskri list í Galerie Moderne í Stokkhólmi og Kunstforeningen í Osló.

1933 Sýning í vinnustofunni að Austurstræti 12.

1935 Fyrsta yfirlitssýning í Menntaskólanum í Reykjavík, í tilefni af fimmtugsafmæli listamannsins, 410 verk.

1941 Sýndi sem heiðursgestur á sýningu Bandalags ísl. listamanna í Reykjavík.

1942–62 Var með vinnustofu á sumrin í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar.

1945 Verk á samsýningu í Listamannaskálanum. Einkasýning í Listamannaskálanum. Nokkrir þingmenn leggja til að byggja skuli hús og vinnustofu handa listamanninum á kostnað ríkisins.

1946 Verk á fyrstu samsýningunni á vegum Nordisk Kunstforbund í Kunstnernes Hus í Osló.

1947 Verk á sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund í Liljevalchs Konsthall í Stokkhólmi. Einkasýning í Listamannaskálanum.

1948 Verk á sýningu Félags íslenskra myndlistarmanna í Listamannaskálanum.

1949 Einkasýning í Listamannaskálanum. Verk á sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund á Charlottenborg og Den Frie.

1950 Tók þátt í sýningu Nordisk Kunstforbund í Ateneum og Konsthallen í Helsinki.

1951 Verk á opinberri íslenskri listsýningu í Kunstnernes Hus í Osló, farandsýningu, og á samsýningu í Listvinasalnum við Freyjugötu.

1952 Tók þátt í sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund, Tre isländska konstnärer, í sölum Listaakademíunnar í Stokkhólmi. Verk á opinberri íslenskri listsýningu í Palais des Beaux-Arts í Brüssel. Tók þátt í samsýningu í Listvinasalnum við Freyjugötu.

1953 Verk á sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund í Bergens Billedgalleri, Bergens Kunstforening og Kunstnernes Hus í Osló.

1954 Tók þátt í sýningu í Listamannaskálanum í tilefni af fimmtugsafmæli Ragnars Jónssonar forstjóra. Verk á opinberri íslenskri listsýningu í Ráðhúsi Kaupmannahafnar. Einkasýning í Listamannaskálanum og í verslunarhúsi Kristjáns Kristjánssonar á Akureyri.

1955 Yfirlitssýning í Listasafni Íslands í tilefni af sjötugsafmæli listamannsins. 25000 manns sóttu sýninguna. Gerður að heiðursfélaga FÍM og BÍL. Verk á Haustsýningu FÍM í Listamannaskálanum og

norrænni sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund í Róm, Arte Nordica Contemporanea. Samsýning í Akógeshúsinu í Vestmannaeyjum. Verk á sýningunni Landschaft und Mensch in der Isländischen Malerei, farandsýningu um Þýskaland.

1957 Verk á sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund í Göteborgs Konstmuseum og Göteborgs Konsthall. Út kom Sýnisbók Einars Benediktssonar sem Kjarval myndskreytti.

1959 Stofnaður byggingarsjóður Listasafns Íslands að ósk Kjarvals, með fjárframlagi Alþingis til byggingar Kjarvalshúss. Tók þátt í sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund í Fyns Stiftsmuseum og ráðhúsinu í Odense. Verk á opinberri íslenskri listsýningu í Puskinsafninu í Moskvu. Send til Póllands.

1960 Einkasýning í Kunstnernes Hus í Osló. Verk á sýningunni La Biennale di Venezia í Feneyjum ásamt Ásmundi Sveinssyni.

1961 Einkasýning í Listamannaskálanum. Verk á Reykjavíkursýningu í Melaskólanum í tilefni af 175 ára afmæli Reykjavíkur.

1962 Verk á vorsýningu Myndlistarfélagsins í Listamannaskálanum, opinberri íslenskri listsýningu í Louisiana í Humlebæk og Haustsýningu FÍM í Listamannaskálanum.

1963 Verk á opinberri íslenskri listsýningu í Moskvu ásamt Ásgrími Jónssyni og Jóni Stefánssyni.

1964 Heiðursgestur á Efterårsudstillingen á Charlottenborg.

1965 Einkasýningar í Listamannaskálanum og Casa Nova. Verk á norrænni sýningu í Gallery of Modern Art í New York og opinberri íslenskri listsýningu í Colby College í Maine, Bandaríkjunum. Bygging Kjarvalshúss hafin á Seltjarnarnesi.

1966 Verk á sýningu á vegum Nordisk Kunstforbund í Kunstverein í Hannover. Sýning á verkum Kjarvals í eigu Listasafns Íslands. Hafist handa við byggingu Kjarvalsstaða.

1967 Verk á samsýningu á vegum FÍM í Edinborg og á vegum Myndlistarfélagsins í Lübeck.

1968 Verk á sýningunni Evrópa 1918, á vegum Evrópuráðsins í Strassbourg. Einkasýning í Listamannaskálanum.

1970 Verk á sýningunni Tíu málarar á 20. öld í Listasafni Íslands.

1971 Verk á íslenskri listsýningu á Charlottenborg í Kaupmannahöfn.

1972 Lést 13. apríl. Sýning í Kjarvalshúsi á andlitsmyndum Kjarvals í eigu Listasafns Íslands í tilefni af Listahátíð í Reykjavík.

1973 Kjarvalsstaðir opnaðir 24. mars. Þar hafa verið haldnar margar sýningar á verkum Kjarvals.

1979 Verk á opinberri íslenskri listsýningu í Minnesota Museum of Art í Bandaríkjunum.

1981 Verk á opinberri íslenskri listsýningu í Møstings Hus á Frederiksberg.

1985 Sýningin Fjórir frumherjar í Listasafni Íslands í tilefni af aldarafmæli safnsins. Meistari Kjarval 100 ára, sýning í Háholti, Hafnarfirði.

Sýningin Kjarval í Listasafni Íslands, í Listasafni Íslands. Kvikmynd um Kjarval gerð af Íslenska sjónvarpinu undir stjórn Hrafnhildar Schram. Sýningin Kjarval, aldarminning, á Kjarvalsstöðum.

Verk í söfnum:

Kjarvalsstaðir, listasafn Reykjavíkurborgar
Listasafn ASÍ
Listasafn Íslands
Þjóðminjasafn Íslands
Ýmis byggðasöfn
Folketinget í Kaupmannahöfn
Museum of Modern Art í New York
Nasjonalgalleriet í Oslo
Statens Museum for Kunst í Kaupmannahöfn

Helstu bækur og greinar um Kjarval:

Halldór Laxness: Myndir, Rv. 1938.
Íslensk myndlist, 20 listmálarar, Rv. 1943, bls. 13–14, 64–70.
Halldór Laxness: Kjarval, Rv. 1950.
Nordisk malerkunst. Det moderne maleris gennembrud. Höf. ísl. texta Björn Th. Björnsson, Kbh. 1951, bls. 52–56.
Matthías Johannessen: Kjarvalskver, Rv. 1974.
Thor Vilhjálmsson: Kjarval, Rv. 1964 og 1978.
Björn Th. Björnsson: Íslenzk myndlist á 19. og 20. öld, I–II, Rv. 1964 og 1973, bls. 107–129 (I) og 237–246 (II).
Steinar og sterkir litir. Svipmyndir 16 myndlistarmanna, Rv. 1965, bls. 245–255. Höf. Sigurður Benediktsson.
Selma Jónsdóttir: „Island", Oplysningsforbundenes Kunsttillæg, Kbh. 1973.
Aðalsteinn Ingólfsson og Matthías Johannessen: Kjarval. Málari lands og vætta, Rv. 1981.
Indriði G. Þorsteinsson: Jóhannes Sveinsson Kjarval. Ævisaga, I–II, Rv. 1985.
Björn Th. Björnsson: Jóhannes S. Kjarval 1885–1930. Litskyggnur, Rv. 1985.
Hrafnhildur Schram: Jóhannes S. Kjarval 1930–1946, Litskyggnur, Rv. 1985.
Hrafnhildur Schram: Jóhannes S. Kjarval 1946–1968, Litskyggnur Rv. 1985.

Rit eftir Kjarval:

Árdegisblað listamanna, Rv. 1925.
Grjót, Rv. 1930.
Tíu myndir, Rv. 1935.
Meira grjót, Rv. 1935.

The Earth for Sam eftir W. Maxwell Reed, Rv. 1937. (Sérprentun úr Vísi.)
Fornmannasaga. Enn grjót, Rv. 1938.
Einn þáttur, leikur, Rv. 1938.
Gömul blöð, Rv. 1954.
Gömul ljóð, Rv. 1954.
Hvalasagan frá átján hundruð níutíu og sjö, Rv. 1956.
Ljóðagrjót, Rv. 1956.
Bergmál til Eggerts Stefánssonar á sumardaginn fyrsta 1959, Rv. 1959.
Lóan, Rv. 1961.
Alfreðsljóð, Rv. 1961.
Sjálfblekungskvæði, Rv. 1961.
Þrjú lítil ljóð, Rv. 1962.
Þrjú lítil ljóð og staka, Rv. 1962.
Skarphéðinskvæði, Rv. 1963.
Eimskip fjörutíu ára, Rv. 1966.

Myndaskrá:

1. Illa Rauðka, 1901,
vatnslitur/blýantur á pappír,
40×50 sm,
Andrés Skúlason.
2. Kálfshamarsvík, 1902–04,
olía á striga, 30×45 sm,
Gunnlaugur E. Briem.
3. Gullfoss, 1905,
vatnslitir á pappír, 21×16 sm,
einkaeign.
4. Öxarárfoss, 1905,
vatnslitir á pappír, 26×20 sm,
einkaeign.
5. Skip á úfnu hafi, 1908,
olía á pappa, 36×41 sm,
Björgvin Schram.
6. Lítil skúta, 1908,
vatnslitir á pappír, 20,5×25,5 sm,
Ívar Daníelsson.
7. Norðurljós, 1908,
vatnslitir á pappír, 25×35 sm,
einkaeign.
8. La France, 1911,
vatnslitir á pappír, 12,5×17 sm,
Jónína Snorradóttir.
9. Snæfellsjökull, 1911,
vatnslitir á pappír, 15×27 sm,
Sigrún Markúsdóttir og
Baldur Möller.
10. Snæfellsjökull, 1911,
olía á striga, 28×46 sm,
Magnús Bjarnason.
11. Hafís og vakir, 1912,
olía á striga, 32×56 sm,
Kolbrún Kristjánsdóttir.
12. Hafís, 1912,
vatnslitir á pappír, 30×48 sm,
Sveinbjörg Kjaran.
13. Hafís, 1912,
olía á striga, 42×62 sm,
Thor Vilhjálmsson.
14. Hafís, 1912,
vatnslitir á pappír, 18,5×28 sm,
Sigurður Reynir Pétursson.
15. Menningin brennur, 1912,
vatnslitir á pappír, 14×20 sm,
Sigrún Steingrímsdóttir.
16. Vorið, 1912,
vatnslitir á pappír, 13×9 sm,
Jóhanna Haraldsdóttir.
17. Bjarni frá Vogi, 1913,
vatnslitir á pappír, 38×32 sm,
Jóhanna Haraldsdóttir.
18. Guðlaug Magnúsdóttir, 1913,
vatnslitir á pappír, 40×32 sm,
Guðlaug Magnúsdóttir.
19. Vorið, 1913,
vatnslitir/blýantur á pappír,
24×33 sm,
Thor Vilhjálmsson.
20. Fortíð, 1913,
vatnslitir á pappír, 33,5×24 sm,
Þuríður Pálsdóttir.
21. Flugþrá, 1913,
vatnslitir, 24×33 sm,
Sveinbjörg Kjaran.
22. Bæn, 1913,
vatnslitir á pappír, 29×20 sm,
Sigrún Björnsdóttir.
23. Uppstilling, 1914–18,
olía á striga, 41×42 cm,
Sigríður og Stefán Hilmarsson.
24. Uppstilling, 1916,
olía á striga, 54×57 sm,
Regína og Sigurgeir
Sigurðsson.
25. Botanisk have, 1916,
olía á striga, 25×36 sm,
einkaeign.
26. Í Charlottenlundi, 1915–16,
vatnslitir á pappír, 37×55 sm,
Guðbjörg Vigfúsdóttir.
27. Hesliviður, 1917,
rauðkrít á pappír, 61×67 sm,
úr safni Grethe og
Ragnars Ásgeirssonar.
28. Hlynur, 1917,
rauðkrít á pappír, 59×64,5 sm,
úr safni Grethe og
Ragnars Ásgeirssonar.
29. Tóbaksglasið, 1917,
rauðkrít á pappír, 69×64 sm,
Edda Klemensdóttir.
30. Tvær skútur, 1917,
rauðkrít á pappír, 39×49,5 sm,
Haukur Ragnarsson.
31. Frá Kaupmannahöfn, 1917,
rauðkrít á pappír, 56×33,5 sm,
Haukur Ragnarsson.
32. Frá Kaupmannahöfn, 1917,
rauðkrít á pappír, 53,5×47,5 sm,
Sigrún Ragnarsdóttir.
33. Frá Kaupmannahöfn, 1917,
rauðkrít á pappír, 54,5×47 sm,
Sigrún Ragnarsdóttir.
34. Linditrén tvö á Garði, 1919,
rauðkrít á pappír, 41×30 sm,
Þuríður Pálsdóttir.
35. Fjallstindur á Austurlandi, 1914,
vatnslitur á pappír, 30×40 sm,
Erna og Geir Hallgrímsson.
36. Dyrfjöll, 1914,
olía á striga, 31×42 sm,
Gylfi Þ. Gíslason.
37. Dyrfjöll, 1918,
olía á striga, 60×93 sm,
Valgerður Tryggvadóttir.
38. Esju-dalurinn, 1918,
vatnslitir á pappír, 55×78 sm,
Jenný Guðmundsdóttir.
39. Útsýn af Öskjuhlíð, 1918,
vatnslitir á pappír, 25×54 sm,
Vala Ásgeirsdóttir
Thoroddsen.
40. Frá Snæfellsnesi, 1919,
vatnslitir á pappír, 25×50 sm,
Ingileif B. Hallgrímsdóttir.
41. Snæfellsjökull, 1919,
vatnslitir á pappír, 33×69 sm,
Gerður Steinþórsdóttir.
42. Snæfellsjökull, 1919,
vatnslitir á pappír, 44×57 sm,
Guðrún Helgadóttir.
43. Ravello, 1920,
vatnslitir á pappír, 58×42 sm,
Bragi Guðlaugsson.
44. Frá Róm, 1920,
vatnslitir á pappír, 40×57 sm,
úr safni Grethe og
Ragnars Ásgeirssonar.
45. Súluhöfuð frá Róm, 1920,
vatnslitir á pappír, 56×39 sm,
Haukur Ragnarsson.
46. Frá Flórens, 1920,
rauðkrít á pappír, 62×59 sm,
Sigrún Ragnarsdóttir.
47. Móðir og börn, 1920,
olía á striga, 110×102 sm,
Kristján Kjartansson.
48. Bláberjalyng, 1921,
olía á striga, 47×53 sm,
Kristín Helgadóttir.
49. Frá Borgarfirði eystra, 1921,
olía á masónít, 51×72 sm,
Sigþrúður Friðriksdóttir.
50. Frá Borgarfirði eystra, 1922,
olía á striga, 75×100 sm,
einkaeign.
51. Frá Borgarfirði eystra, 1922,
olía á striga, 76×105 sm,
Sólveig Jónsdóttir.
52. Móðir listamannsins,
olía á striga, 38×35 sm,
Sigríður Helgadóttir.
53. Ungur maður, 1924,
olía á striga, 31×42 sm,
Axel Kaaber.
54. Stúlka með höfuðklút, 1924,

olía á striga, 32×43 sm,
Axel Kaaber.

55. Hin heilaga skírn, 1924,
olía á striga, 127×90 sm,
Halldór Laxness.

56. Rökkurstund, 1922–25,
olía á striga, 105×130 sm,
Þorbjörg Jónsdóttir.

57. Tindfjallajökull, 1925,
olía á striga, 60×100 sm,
Elísabet Waage.

58. Kjartan Guðbrandsson, 1926,
olía á striga, 30×34 sm,
Eydís Hansdóttir.

59. Skip mitt er komið að landi, 1926,
olía á striga, 104×104 sm,
Þóra Kristjánsdóttir.

60. Úr Þórsmörk, 1927,
olía á striga, 98×115 sm,
Jón H. Stefánsson.

61. Þorsteinn, 1927,
olía á striga, 40×30 sm,
Sesselja Clausen.

62. Jón Jóhannesson, 1928,
olía á striga, 33×30 sm,
Þórður Jónsson.

63. Frá Frakklandi, 1928,
olía á léreft, 83×103 sm,
Sigrún Markúsdóttir og
Baldur Möller.

64. Skógarmynd frá Frakklandi, 1928,
olía á léreft, 82×100 sm,
Margit Eylands.

65. Vor í Frakklandi, 1928,
olía á léreft, 80×100 sm,
Ragnheiður Baldursdóttir.

66. Frönsk skógarmynd, 1928,
olía á léreft, 76×100 sm,
Guðbrandur Kjartansson.

67. Frá Frakklandi, 1928,
olía á léreft, 79×102 sm,
Inga Árnadóttir.

68. Franskur skógur, 1928,
olía á léreft, 78×93 sm,
Ragnheiður Brynjólfsdóttir.

69. Á Frakka mæru vengi, 1928,
olía á léreft, 85×135 sm,
Nanna Sigurjónsdóttir.

70. Bros Leonardo, 1928,
olía á striga, 50×60 sm,
Ingibjörg Kaldal.

71. Dverghamrar, 1929,
olía á striga, 112×112 sm,
úr safni Grethe og
Ragnars Ásgeirssonar.

72. Við Austurkot, 1929,
olía á striga, 65×115 sm,
Guðrún Markúsdóttir.

73. Vetur í Almannagjá, 1929,
olía á striga, 91×130 sm,
Ásgeir Bjarnason.

74. Hrauntún í Þingvallasveit, 1929,
olía á striga, 75×103 sm,
Reykjavíkurborg.
Gjöf frá Helgu, Petru og Jónínu
Ásgeirsdætrum.

75. Almannagjá, 1930,
olía á striga, 115×150 sm,
Margrét Johnson.

76. Haustið, 1930,
olía á striga, 122×150 sm,
Elísabet Hermannsdóttir og
Indriði Pálsson.

77. Þingvallahraun, 1930,
olía á striga, 84×140 sm,
Kristján Steindórsson.

78. Heitasta ósk mannsins, 1930,
olía á léreft, 39×57 sm,
Guðrún Árnadóttir og
Alfreð Guðmundsson.

79. Hrafnabjörg, 1931,
olía á striga, 100×145 sm,
Áslaug Sívertsen.

80. Bláskógaheiði, 1932,
olía á striga, 118×208 sm,
Egill Sigurgeirsson.

81. Bænin má aldrei bresta þig, 1933,
olía á striga, 135×122 sm,
Kristinn Finnbogason.

82. Bónorðið, 1932–34,
olía á léreft, 82×95 sm,
Eyrún Guðmundsdóttir.

83. Blásið í strá, 1934,
olía á striga, 97×67 sm,
Ingunn og Kristján G.
Gíslason.

84. Fóstra Kjarvals, 1934,
olía á striga, 85×95 sm,
Margit Eylands.

85. Sólarupprás, 1934,
olía á striga, 45×77 sm,
Anna Maack.

86. Á Hulduströndum, 1935,
olía á striga, 45×60 sm,
Jón Óttar Ragnarsson.

87. Fölnuð blóm, olía á striga,
79×103 sm,
Jón Kaldal.

88. Ljós vetrarmynd, 1936,
olía á striga, 92×147 sm,
Bergljót Jónatansdóttir og
Jón Sigurðsson.

89. Nafnlausi hnjúkurinn, 1933–37,
olía á striga, 146×101 sm,
Marta Pétursdóttir.

90. Hrafnabjörg, 1937,
olía á léreft, 50×98 sm,
einkaeign.

91. Háagjá á Þingvöllum, 1937,
olía á striga, 100×147 sm,
Kristín Helgadóttir.

92. Kvöld við Korpu, 1937,
olía á striga, 110×170 sm,
Guðrún og Gunnar Þ.
Gunnarsson.

93. Frá Þingvöllum, 1938,
olía á striga, 96×150 sm,
Lára Guðmundsdóttir og
Jón Björnsson.

94. Skarðsheiði, 1938–39,
olía á striga, 105×161 sm,
Inga og Indriði Nielsson.

95. Stúlka með gulan hatt, 1930–39,
olía á striga, 38×47 sm,
Sigurveig Ragnarsdóttir.

96. Engill vorsins, 1939,
olía á striga, 102×146 sm,
Sólveig Sveinbjarnardóttir.

97. Hjartahlýja, 1935–40,
olía á striga, 60×27 sm,
Brynja Ingimundardóttir og
Jón Þ. Ólafsson.

98. Þorsteinn Gíslason, 1935–40,
olía á striga, 120×100 sm,
Gylfi Þ. Gíslason.

99. Jökulbrúða, 1940,
olía á masónít, 26×40 sm,
Jakobína Pétursdóttir.

100. Gamli tíminn, 1940,
olía á striga, 97×97 sm,
Þóra Friðriksdóttir.

101. Fjallamjólk, 1941,
olía á striga, 110×145 sm,
Listasafn ASÍ.

102. Sálnaflutningur, 1941,
olía á striga, 24×61 sm,
Jónína Vigdís Schram.

103. Þingvellir, 1942,
olía á striga, 93×210 sm,
Bergur Jónsson.

104. Hestagjá, 1942,
olía á striga, 108×142 sm,
Hallgerður Pálsdóttir og
Halldór B. Stefánsson.

105. Fornar slóðir, 1943,
olía á léreft, 104×142 sm,
Eyrún Guðmundsdóttir.

106. Ævispor, 1944,
olía á léreft, 75×95 sm,
Haukur Óskarsson.

107. Mörk á Síðu, 1944,
olía á striga, 110×170 sm,
Rannveig Jónsdóttir.

108. Snæfellsjökull, 1945,

olía á striga, 115×220 sm,
einkaeign.

109. Abba labba lá, 1945–46,
vatnslitir á pappír, 86×110 sm,
Ólöf Kjaran Knudsen.

110. Systrastapi II,
túss á pappír, 50×77 sm,
Friðjón Skarphéðinsson.

111. Gaman að lifa, 1946,
olía á léreft, 137×141 sm,
Listasafn ASÍ.

112. Tjaldið mitt, 1946,
olía á striga, 112×128 sm,
einkaeign.

113. Haust, 1946,
olía á striga, 117×278 sm,
Frímúrarareglan á Íslandi.

114. Spákonufell, 1948,
olía á striga, 103×158 sm,
Halldóra Ísberg.

115. Fantasía, 1948,
olía á striga, 74×130 sm,
Þórdís Davíðsdóttir.

116. Uppstreymi, 1947–48,
olía á striga, 100×76 sm,
Hulda Björnæs.

117. Haustlitir, 1948,
olía á striga, 95×180 sm,
Fríða og Guðmundur Jónsson.

118. Úr Berserkjahrauni, 1948,
olía á striga, 109×214 sm,
Edda Ragnarsdóttir og
Árni Guðjónsson.

119. Að austan, 1948,
olía á léreft, 115×177 sm,
Jóna Reykdal.

120. Blámi, 1949,
olía á striga, 91×75 sm,
Áslaug Þorsteinsdóttir og
Karl Ingólfsson.

121. Bláberjahrísla, 1949,
olía á striga, 84×109 sm,
Karitas Bjargmundsdóttir.

122. Upprisan og lífið, 1949,
olía á léreft, 112×204 sm,
Guðrún Árnadóttir og
Alfreð Guðmundsson.

123. Skyldu bátar mínir róa í dag?
1940–1950,
olía á striga, 68×88 sm,
Árni Vilhjálmsson.

124. Dóttir Láru miðils, 1950,
olía á striga, 81×64 sm,
Kristrún Eymundsdóttir.

125. Steingrímur Jónsson
rafmagnsstjóri, 1950,
olía á striga, 129×91 sm,
Sigríður Steingrímsdóttir.

126. Hraun í Öxnadal, 1950,
olía á striga, 102×72 sm,
Kolbrún Kristjánsdóttir.

127. Fantasía, 1950,
vatnslitur/túss á pappír, 52×58 sm,
Sigrún Pálsdóttir.

128. Dyrfjöll, 1951,
olía á léreft, 92×104 sm,
Eirík Eylands.

129. Hulduheimar, 1952,
olía á striga, 104×94 sm,
Guðrún Oddsdóttir.

130. Frá Álftanesi, 1953,
olía á striga, 93×110 sm,
Fríða og Guðmundur Jónsson.

131. Úr Hreðavatnsskógi, 1953,
olía á striga, 105×145 sm,
Fríða og Guðmundur Jónsson.

132. Sigrún, 1953–54,
olía á léreft, 88×101 sm,
Oddný Ólafsdóttir.

133. Haust á Þingvöllum, 1954,
olía á striga, 104×156 sm,
Þórhallur Þorláksson.

134. Storknaður hraði, 1954,
olía á striga, 105×130 sm,
Sigurður Þorkelsson.

135. Dyrfjöll, 1954–55,
olía á striga, 110×170 sm,
Sigrún Helgadóttir og
Hjálmar Vilhjálmsson.

136. Blóm, 1955,
olía á striga, 66×68 sm,
Eyrún Guðmundsdóttir.

137. Auðsæld, 1956,
olía á striga, 85×90 sm,
Þórður Jónsson.

138. Veðurhljóð, 1955–56,
olía á léreft, 75×117 sm,
Guðfinna Óskarsdóttir.

139. Esjan bakdyramegin, 1956–57,
olía á striga, 103×150 sm,
Ólafur Maríusson.

140. Esjan í vorleysingu, 1956–57,
olía á striga, 110×145 sm,
Steingerður Guðmundsdóttir.

141. Skuggarnir í Esjunni, 1956–57,
olía á striga, 110×115 sm,
Guðrún G. og Ólafur Johnson.

142. Hann er á norðan gróinn, 1957,
olía á léreft, 112×210 sm,
Jóhann Friðriksson.

143. Skeggi í Hengli, 1957,
olía á striga, 108×165 sm,
Eysteinn Jónsson.

144. Úr Grafningi, 1957,
olía á striga, 95×150 sm,
Svava Björgólfs.

145. Vordraumur, 1957,
olía á pappír, 58,5×92 sm,
Sigursveinn D. Kristinsson.

146. Móskarðshnjúkar, 1958,
olía á striga, 108×174 sm,
Sigríður Jónsdóttir.

147. Steinninn hans Lofts, 1958,
olía á striga,
105×150 sm,
Sólveig Sveinbjarnardóttir.

148. Bláfjöll og blómaangan, 1958,
olía á striga, 48×60 sm,
Reynir Þorgrímsson.

149. Íslands lag, Hvassárgljúfur,
1949–59,
olía á léreft, 115×155 sm,
Eyrún Guðmundsdóttir.

150. Við sjóinn frammi, 1959,
olía á striga, 90×130 sm,
Eyrún Guðmundsdóttir.

151. Hörpusláttur, 1958,
olía á striga, 90×95 sm,
Matthías Johannessen.

152. Gálgahraun, 1960,
olía á striga, 110×150 sm,
Ágústa og Gunnar Möller.

153. Kona með saltfisk, 1960,
olía á krossvið, 107×207 sm,
Sigrún I. Sigurþórsdóttir.

154. Gálgahraun, 1960,
olía á striga, 105×158 sm,
Inga og Jón G. Sólnes.

155. Kráka Karlsdóttir, 1966,
olía á léreft, 76×85 sm,
Jóhannes Nordal.

156. Við Þingvallavatn, 1961,
olía á striga, 110×150 sm,
Alfreð Elíasson.

157. Lesið á gullbók, 1961,
olía á striga, 150×204 sm,
Þórný Tómasdóttir og
Jón Kjartansson.

158. Vorkoma, 1962,
olía á striga, 109×145 sm,
Súsanna Halldórsdóttir.

159. Hraun, 1962,
olía á striga, 115×165 sm,
einkaeign.

160. Tvö andlit, 1962,
vatnslitir/olía á pappír,
60×80 sm,
Þórhallur Jónsson.

161. Árni Johnsen, kaupmaður
í Vestmannaeyjum, 1962,
olía á striga, 67×80 sm,
Sigfús J. Johnsen.

162. Bóndinn við bjargið, 1960–63
olía á striga, 113×105 sm,

Ásta Jónsdóttir og
Sveinn Stefánsson.
163. Skvetta, 1961–63,
olía á léreft, 93×128 sm,
Erna og Geir Hallgrímsson.
164. Litaspjald, 1962–63,
olía á striga, 31×41 sm,
Ágústa Ágústsdóttir.
165. Morgunn lífsins, 1958–64,
olía á striga, 162×205 sm,
Seðlabanki Íslands.
166. Frá Þingvöllum, 1964,
olía á striga, 48×62 sm,
Amalía Skúladóttir og
Leonhard Haraldsson.
167. Maður, 1965,
olía á striga, 35×40 sm,
Jósefína Norland.
168. Alfreð, 1965,
olía á léreft, 41×50,5 sm,
Guðrún Árnadóttir og
Alfreð Guðmundsson.
169. Land og loft, 1965,
olía á striga,
174×110 sm,
Eyrún Guðmundsdóttir.
170. Úr Vífilsstaðahrauni, 1966,
olía á striga, 110×136 sm,
Helga Níelsdóttir.
171. Bleikdalsá, 1967,
olía á striga, 100×152 sm,
Lista- og menningarsjóður
Kópavogs.
172. Frá Þingvöllum, 1967–68,
olía á striga, 108×137 sm,
Erna og Geir Hallgrímsson.
173. Föndur, 1967–68,
olía á striga, 30×48 sm,
Kristín Helgadóttir.
174. Kritik, 1946–47,
olía á léreft, 213×402 sm,
Reykjavíkurborg.
175. Þorpið, 1947–67,
olía og brons á léreft,
110×100 sm,
Reykjavíkurborg.
176. Málað á gagnsætt efni,
240×500 sm,
Reykjavíkurborg.
177. Stúlka með hatt,
blek, 84×57 sm,
Reykjavíkurborg.
178. Íslenskt tískublað, 1925,
blek, 47,5×47 sm,
Reykjavíkurborg.
179. Íslensk tískublöð, 1925,
blek/vatnslitir, 47,5×47 sm,
Reykjavíkurborg.
180. Abstraktion, blek,
34×34 sm,
Reykjavíkurborg.
181. Abstraktion, blek,
48×40 sm,
Reykjavíkurborg.
182. Kýr, vatnslitur/blek/blýantur,
27,5×21,5 sm,
Reykjavíkurborg.
183. Hestar að hvíla sig (Boðunin),
vatnslitir, 49,5×74,5 sm,
Reykjavíkurborg.
184. Reykjavíkurstúlka, Stella,
blek, 47×60 sm,
Reykjavíkurborg.
185. Páll bóndi á Galtalæk, 1947,
vaxlitir, 79×64 sm,
Reykjavíkurborg.
186. Húsfreyjan á Galtalæk, 1947,
vaxlitir, 54×57 sm,
Reykjavíkurborg.
187. Áslaug Johnsen,
kol, 35×27 sm,
Reykjavíkurborg.
188. Konumynd frá Einarslóni
á Snæfellsnesi, 1945,
blek/vatnslitir, 43×58 sm,
Reykjavíkurborg.
189. Eiríkur símstjóri,
Borgarfirði eystra,
krít, 41×53 sm,
Reykjavíkurborg.
190. Jón í Götu, 1925,
vatnslitir, 43×42 sm,
Reykjavíkurborg.
191. Ólafur Jónsson á Hellulandi,
blek/olía á rammagleri, 62×65 sm,
Reykjavíkurborg.
192. Hér og nú,
blek, 50×66 sm,
Reykjavíkurborg.
193. Hraundrangar, 1961,
olía/vatnslitir, 95×60 sm,
Reykjavíkurborg
194. Kona, blek, 34,5×34,5 sm,
Reykjavíkurborg.
195. Blómandlit, blek, 46×59 sm,
Reykjavíkurborg.
196. Kona, blek, 33,5×33,5 sm,
Reykjavíkurborg.
197. Andrés frá Geitavík, 1927,
blýantur/blek, 34×31,5 sm,
Reykjavíkurborg.
198. Andlit og dýr, blek,
45,5×60,5 sm,
Reykjavíkurborg.
199. Í baði, vaxlitir/vatnslitir/blek,
48×60 sm,
Reykjavíkurborg.
200. Konuandlit, olía,
57,5×44,5 sm,
Reykjavíkurborg.
201. Kona, blek,
63,5×47 sm,
Reykjavíkurborg.
202. Kona og vangamyndir,
vatnslitir, 32,5×44,5 sm,
Reykjavíkurborg.
203. Berjalyng,
vatnslitir, 32,5×44 sm,
Reykjavíkurborg.
204. Gömul kona með skotthúfu,
blek, 45×58 sm,
Reykjavíkurborg.
205. Rómarinna, 1920,
vatnslitir, 41×29 sm,
Reykjavíkurborg.
206. Hótelstúlka í Róm, 1920,
vatnslitir, 40,5×28,5 sm,
Reykjavíkurborg.
207. Kona, 1920,
vatnslitir, 41×29,5 sm,
Reykjavíkurborg.
208. Rómarinna, 1920,
vatnslitir, 40,5×29,5 sm,
Reykjavíkurborg.
209. Steini bróðir,
blek, 38×28 sm,
Reykjavíkurborg.
210. veir fuglar,
blek, 32,5×44,5 sm,
Reykjavíkurborg.
211. Sjálfsmynd, 1920,
rauðkrít, 33×28 sm,
Reykjavíkurborg.
212. Almannagjá í rigningu, 1932,
olía á striga, 105×135 sm,
Magnea Kristjánsdóttir.

Á göngum eru sýndir munir úr eigu Kjarvals.

Efnisyfirlit:

Ávarp borgarstjóra, Davíðs Oddssonar 5
Matthías Johannessen: Grímanan gagnsæ blekking 7
Guðbjörg Kristjánsdóttir: Málverk Kjarvals 21
Árni Sigurjónsson: Um bækur Kjarvals 49
Bera Nordal: Teikningar Kjarvals 59
Jóhannes S. Kjarval, nokkur æviatriði · helstu sýningar 75
Verk í söfnum 78
Helstu bækur og greinar um Kjarval 78
Rit eftir Kjarval 78
Myndaskrá 80